





LG BOGIÐ OLED SJÓNVARP
Heimsins fyrsta bogna OLED sjónvarpið
LG Life's Good
Sjónvarpsmiðstöðin SÍÐUMÚLA 2 WWW.SM.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGARBLAÐ
19. apríl 2014
92. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

# Í HJÁLPARSTARFI Á ÁTAKASVÆÐUM

**Hörður Karlsson** hefur starfað við flug á mörgum helstu átaka- og hamfarasvæðum heims í meira en tuttugu ár. Árið 1991 hugðist hann skreppa úr landi til að ná sér í aukavinnu í Angóla, en hefur lítið komið heim síðan. Nú er hann í Mið-Afríkulýðveldinu þar sem blóðbaðið varð nánast stjórnlaust í vetur. ▶ 18


MYND ÚR EINKASAFNI



**LEIKSTÝRIR LATABÆ**
Latibær settur upp í Þjóðleikhúsinu í haust í leikstjórn Rúnars Freys Gíslasonar ▶ 54







LYFJA
– Lífið heil
Gleðilega páska
www.lyfja.is
Opið alla páskana, einnig á páskadag.
Lyfja Lágmúla kl. 8-01
Lyfja Smáratorgi kl. 8-24


## FRÉTTIR 2→11

### FLEIRI STYÐJA FRAMSÓKN 4
Fleiri styðja Framsóknarflokkinn nú en fyrir tveimur mánuðum samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stjórnarflokkarnir eru með samanlagt 42,7 prósenta fylgi.

### KJÓSA UM REYKJAVÍKURFLUGVÖLL 6
Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill láta kjósa aftur um framtíðarstað Reykjavíkurflugvallar þegar nefnd um framtíð hans skilar af sér í lok árs.



### HVALVEIÐAR SKAÐA ÚTFLUTNING 8
Whole Foods-verslanir auglýsa ekki íslenskt lambakjöt vegna hvalveiða. Talsmaður Alþjóðadýraverndunarsjóðsins á Íslandi telur að það sé aðeins byrjunin.

## SKOÐUN 12→13



### FRAMSÓKN MEÐ STERKUSTU EVRURÖKIN 12
Þorsteinn Pálsson um gjaldmiðla og skýrslu alþjóðastofnunar.

## HELGIN 16→36



### SAMEININGIN GENGIÐ ÁFALLALAUST 24
Mikið vatn hefur runnið til sjávar í sveitarstjórnarmálum síðan síðast var kosið til sveitarstjórnar í Garðabæ árið 2010.

### ÞÖRF Á NÝRRI HUGSUN TIL LAUSNAR HÚSNÆÐISVANDANUM 26
Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, segir þörf á nýrri hugsun og nýrri nálgun til að taka á húsnæðisvandanum í Reykjavík.

### ALVEG HRIKALEGA HALLÆRISLEGUR 28
Arnmundur Ernst Backman segir að það myndi koma fólki á óvart sem kynnist honum hversu hallærislegur hann er.

### PÍNDUR Á DÖGUM PONTÍUSAR PÍLATUSAR 30
Illugi Jökulsson spyr hvort það sé ekki skrýtið að í trúarjátningu íslensku þjóðkirkjunnar skuli vera að finna nafnið á annars nær óþekktum rómverskum embættismanni sem hafði áreiðanlega ekki minnsta áhuga á trúmálum.

## LÍFIÐ 45→46

### LEITA AÐ PÁSKAEGGJUM 44
Sveppi og Gói stjórna páskadagskrá í Fákaseli í Hveragerði í dag. Boðið verður upp á páskaeggjaleit, húlahopp, andlitsmálningu, heimsókn í hesthúsið og hestaleikhús. Ókeypis fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum.

### FJÁRÖFLUN FYRIR REYKJADAL 44
Nemendur í verkefnisstjórnun í Háskólanum í Reykjavík efna til fjáröflunar á sumardaginn fyrsta fyrir Reykjadal, sumarbúðir fyrir fötluð börn og ungmenni. Keppt verður í hjólastólaspretti og hjólastólahandbolta.



### HIN UNGA HLJÓMSVEIT VIO SPILAR FYRSTA STÓRA GIGGIÐ Á ALDREI FÓR ÉG SUÐUR UM HELGINA 54
„Við erum ekkert stressaðir – við ætlum bara að hafa gaman af þessu,“ segir Páll Cecil. Sveitin vann Músíktilraunir fyrr í mánuðinum.

## SPORT 48→49

### ALLIR NEMA EINN SPÁ KR SIGRI 48
Fréttablaðið spáir í spilin fyrir úrslitaeinvígi KR og Grindavíkur í Domino's-deild karla.

### DREGUR TIL TÍÐINDA Á ENGLANDI 48
Leikir helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.








## FIMM Í FRÉTTUM NÝR FRÉTTASTJÓRI OG GEYSISDEILA



**Jörundur Guðmundsson** fundaði með ríkissáttasemjara og komst að þeirri niðurstöðu að fresta verkfalli háskólakennara. Jörundur er formaður Félags háskólakennara.



**Sigurjón Kjartansson** er meðal handritshöfunda íslensku sjónvarpsþáttanna Ófærð en serían stefnir í að verða sú dýrasta í íslenskri sjónvarpssögu. Kostnaðurinn nálgast nú milljarð.



**Rakel Þorbergsdóttir** var ráðin nýr fréttastjóri Ríkisútvarpsins og tekur því við af Óðni Jónssyni. Magnús Geir Þórðarson rak í síðasta mánuði alla framkvæmdastjórana á einu bretti.



**Ingibjörg Þórðardóttir,** ritstjóri vefsíðu BBC, hvetur konur til að harka af sér og vera sýnilegri í fjölmiðlum með því að sækja um yfirmannsstöður og þiggja boð í viðtöl.



→ **Ögmundur Jónasson** var gagnrýninn á ákvörðun þeirra landeigenda sem ætla sér að hefja gjaldtöku við náttúruperlur Íslands. Líkir hann gjaldtöku við ofbeldi.

# Móðurhjartað sló ótt og títt eftir snjóflóðið

Ingibjörg Ragnarsdóttir, móðir Ingólfs Axelssonar Everest-fara, segist mjög þakklát fyrir að hann og Vilborg Arna Gissurardóttir séu heil á húfi eftir snjóflóðið mannskæða í fjallinu í gær. Tólf fjallaleiðsögumenn eru látnir og margra enn saknað.

**SLYS** „Móðurhjartað sló ótt og títt þangað til við heyrðum að allt væri í lagi,“ segir Ingibjörg Ragnarsdóttir, móðir Ingólfs Axelssonar. Ingólfur er ásamt Vilborgu Örnu Gissurardóttur staddur í grunnbúðum Everest-fjalls, um 500 metrum fyrir neðan staðinn þar sem mannskætt snjóflóð féll aðfaranótt föstudags.

„Við fréttum snemma af slysinu og það var ekkert sagt hvort það væri í lagi með hann,“ segir Ingibjörg. „Það var auðvitað allt sett í gang að reyna að ná í hann. Svo koma fréttir um að það sé í lagi með Vilborgu, sem betur fer, en þá varð maður ennþá smeykari.“



INGIBJÖRG RAGNARSDÓTTIR

Hún náði loks stuttlega tali af syni sínum í gær en símasamband var mjög ótryggt í grunnbúðunum eftir slysið. Hún segir biðina hafa verið mjög erfiða og að hún hafi ekki spurt Ingólf út í slysið. „Við erum bara afskaplega þakklát fyrir að það sé í lagi með þau,“ segir Ingibjörg.

Yfirvöld í Nepal segja að minnsta kosti tólf hafi farist í snjóflóðinu og að margra sé enn saknað. Hinir látnu voru allir nepalskir sjerpar, þaulreyndir fjallaleiðsögumenn, meðal annars úr leiðangri Vilborgar og Ingólfs.

„Þetta er virkilega erfiður dagur og allir hér hafa misst í dag,“ sagði Vilborg þegar fréttastofa náði af henni tali snemma í gær.



**HÓLPINN** Ingólfur Axelsson dvelur um þessar mundir í grunnbúðum Everest.
MYND/AXEL BRAGI BRAGASON

„Sjerparnir hafa misst fjölskyldumeðlimi og vini. Við hin höfum misst fyrirmyndir og þeir sem hafa verið hér í mörg ár hafa margir misst félaga sína,“ sagði Vilborg.

Hún hefur ekki tekið ákvörðun um framhald ferðarinnar en til stóð að ná efsta tindi fjallsins í næsta mánuði.

Snjóflóðið féll í um 5.800 metra hæð um klukkan eitt í fyrrinótt að íslenskum tíma, sem gerir kortér í sjö að staðartíma. Slysið er hið mannskæðasta í sögu Everest-fjalls.

Stjórnvöld í Nepal hafa ekki gefið upp nöfn þeirra sjerpa sem fórust í snjóflóðinu né þeirra sem enn er saknað. Sjerparnir lögðu af stað snemma dags til að fara með vistir upp á fjall og undirbúa aðalklifurtímabilið sem á að hefjast á næstu dögum. bjarkia@365.is

Illa viðrar til útivistar á Suðurlandi en spáð er hlýnandi veðri eftir páska:

# Hretið hittir á páskadagana

**VEÐUR** „Það er skrítið hvað þetta hittir einmitt á þessa páskadaga, það er búið að vera ágætis veður, og það verður aftur ágætt eftir páskana,“ segir Árni Sigurðsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, um páskahretið sem landsmenn hafa orðið varir við undanfarna daga.

Hann segir að þó það viðri lítt til útivistar fyrir sunnan sé ágætt veður fyrir útivistarfólk á Norðurlandi. „Svo verður miklu betra veður eftir helgi, minni vindur og meiri hlýindi í kortunum.“

Árni segir spár gera ráð fyrir hvassviðri fram að hádegi í dag, en þá muni hægjast um. Á sunnudag er áfram spáð suðvestanátt, en verulega dregur úr vindi. Áfram verður éljagangur sunnan- og vestanlands. Áfram verður bjart og talsvert hægari vindur á Norðausturlandi.

Hitastig verður á bilinu 0 til 5 stig fram á mánudag. Þá snýst vindur í suðaustanátt með næðingi með suðvesturströndinni og úrkomu, en hlýnandi veðri. Árni segir hitann geta farið í 10 stig á Norðurlandi á þriðjudag.

Færð er ágæt á láglendi víðast á landinu, en samkvæmt upplýsingum frá Vegagerð Íslands er hálka og snjóþekja víða á fjallvegum. - bj




**ÓFÆRÐ** Leiðin um Þorskafjarðarheiði var ófær, og varla hægt að sjá að þar sé vegur þar sem stikur voru á kafi í snjó í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

ENNEMM / SIA / NM62401




Sparnaður

# Byrjaðu strax í séreignarsparnaði

**Nýttu tækifærið til bjartari framtíðar**
Kostir séreignarsparnaðar eru augljósir: Þú hefur hærri ráðstöfunartekjur við starfslok, mótframlag vinnuveitanda jafngildir í raun tveggja prósenta launahækkun og bráðum getur þú valið að nýta iðgjöldin til að lækka höfuðstól húsnæðislánsins.

Hafðu samband við ráðgjafa í síma 440 4900. Þú finnur nánari upplýsingar um séreignasparnað á islandsbanki.is

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

vib Íslandsbanki

## 12.04.2013 → 18.04.2013

### 5 milljónir

er sá fjöldi farþega sem áætlað er að fari um Keflavíkurflugvöll á ári innan næstu fimm ára.





### 20 prósent

aðspurðra myndu kjósa evrópusinnaðan stjórnmálaflokk hægra megin við miðju, samkvæmt skoðanakönnun Capacent Gallup.

### 1,5 milljónir króna

er sú tala sem starfsfólk Sjóvár gat grætt daginn sem félagið var skráð í Kauphöllina á föstudag.





### 32 milljónum

króna varði Orkuveita Reykjavíkur til að hreinsa og farga rusli sem endar í salernum borgarbúa.

### 10.000 tonn

af tómötum hafa verið framleidd hér á landi frá árinu 1986, eða um 340 tonn árlega.



# Landið tekið að rísa hjá Framsókn

**Fleiri styðja Framsóknarflokkinn nú en fyrir tveimur mánuðum samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stjórnarflokkarnir eru með samanlagt 42,7 prósenta fylgi og 28 þingmenn samkvæmt könnuninni. Píratar tapa fylgi milli kannana og mælast með 6,8 prósent.**

**KÖNNUN** Stuðningur við Framsóknarflokkinn hefur aukist nokkuð á undanförnum vikum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn mælist með stuðning um 17 prósenta landsmanna og hefur bætt við sig rúmum þremur prósentustigum frá síðustu könnun, sem gerð var í lok febrúar.

Fylgisaukningin er ekki mikil, og fylgi Framsóknarflokksins er enn langt frá 24,4 prósenta kjörfylgi flokksins. Flokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 11 þingmenn en er með 19 í dag.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með stuðning 25,6 prósenta kjósenda. Það er svipað og 26,7 prósenta kjörfylgi flokksins. Lítil breyting hefur orðið frá því í febrúar, þegar 26,8 prósent sögðust styðja flokkinn.

Miðað við þessa niðurstöðu fengi Sjálfstæðisflokkurinn 17 þingmenn yrði gengið til kosninga nú, en er með 19 í dag.

Stjórnarmeirihlutinn myndi því falla yrði gengið til kosninga nú, samkvæmt skoðanakönnuninni, sem gerð var í byrjun vikunnar. Samanlagt eru Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn með 42,7 prósent atkvæða og 28 þingmenn, en 32 þingmenn þarf til að halda meirihluta á Alþingi.

Litlar breytingar hafa orðið á fylgi annarra flokka en Framsóknarflokksins. Píratar hafa þó tapað nokkru fylgi, og mælast nú með stuðning 6,8 prósenta kjósenda. Í könnun Fréttablaðsins í lok febrúar mældist flokkurinn með 10,2 prósenta stuðning, talsvert yfir 5,1 prósents kjörfylgi Pírata.

Píratar myndu miðað við þessa niðurstöðu bæta við sig einum þingmanni, fara úr þremur í fjóra.

Samfylkingin mælist með örlítið hærra fylgi en í febrúar. Alls styðja 19,3 prósent landsmanna flokkinn nú, en 18 prósent í lok febrúar. Fylgi flokksins er talsvert yfir 12,9 prósenta kjörfylgi Samfylkingarinnar.

Flokkurinn fengi 13 þingmenn yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, en er með níu þingmenn í dag.

Björt framtíð mælist með 16,9 prósenta fylgi nú, örlítlu minna en í síðustu könnun. Flokkurinn mælist með rúmlega tvöfalt kjörfylgi sitt, sem var 8,2 prósent, og fengi 11 þingmenn yrði kosið nú í stað þeirra sex sem flokkurinn er með í dag.

Vinstri græn virðast fjarri því að ná vopnum sínum, og njóta nú stuðnings 10,9 prósenta landsmanna, sem er svipað hlutfall og í síðustu könnun, og nákvæmlega sama tala og kom upp úr kjörkössunum. Flokkurinn myndi því halda sínum sjö þingmönnum yrði gengið til kosninga nú.

### Ánægðir með Bjarta framtíð

Kjósendur Bjartrar framtíðar virðast ívið ánægðari með sinn flokk en kjósendur annarra flokka. Alls segjast 87,4 prósent þeirra sem kusu Bjarta framtíð í síðustu kosningum myndu kjósa flokkinn aftur yrði gengið til kosninga nú. Þeir sem nefna annan flokk myndu flestir kjósa Pírata.

Kjósendur Sjálfstæðisflokksins eru litlu minna ánægðir, og myndu 83,1 prósent þeirra sem kusu flokkinn síðast gera það aftur. Sama á við um 81,6 prósent kjósenda Samfylkingarinnar.

Vinstri græn og Framsóknarflokkurinn skera sig nokkuð úr. Um 75,5 prósent þeirra sem kusu Vinstri græn síðast myndu gera það aftur. Hlutfallið er lægra hjá Framsóknarflokknum, aðeins 72,2 prósent þeirra sem kusu flokkinn síðast myndu gera það aftur núna samkvæmt könnuninni.

brjann@frettabladid.is

### → Fjöldi þingmanna




*Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 14. og 15. febrúar 2014.*

### STUÐNINGUR VIÐ STJÓRNMÁLAFLOKKA




*Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 14. og 15. febrúar 2014.*

### AÐFERÐAFRÆÐIN

Hringt var í **1.332** manns þar til náðist í **801** samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 14. og 15. apríl. Svarhlutfallið var **60,1** prósent. Pátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku **62,4** prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Friedrichshafen | 11° | New York | 17° |
| Aþena | 19° | Gautaborg | 16° | Orlando | 23° |
| Basel | 12° | Kaupmannahöfn | 16° | Ósló | 16° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 23° | París | 15° |
| Billund | 14° | London | 13° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 16° | Mallorca | 24° | Stokkhólmur | 15° |




**Á MORGUN**
Víða 10-15m/s, hægari NA-lands

**MÁNUDAGUR**
Hæg breytileg framan af degi

**PÁSKAVEÐRIÐ** SV-áttin verður áfram ríkjandi, lægir á mánudag og fer síðan heldur hlýnandi í vikunni. Úrkoman heldur sig að mestu við V-hluta landsins þessa helgina en bjartviðri á köflum á NA- og A-landi. Fremur hlýtt að degi til en víða næturfrost.



**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# FRÁBÆR TILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA AÐEINS LAUGARDAGINN 19.04



## ALLIR SÓFAR OG SVEFNSÓFAR 25% AFSLÁTTUR

DREAMZONE™

SPARIÐ 10.000 KRÓNUR

90 X 200 SM.




VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

Dönsk gæðaframleiðsla · Svampur · Pokagormar · 10 ár dýna Ábyrgð · Yfirdýna

FULLT VERÐ: 44.950

**34.950**

**PLUS B12 JUBILÆUM DÝNA**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr polyester/polypropylene. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Fætur verð frá: **6.995** *Verð án fóta.*
Vnr. B812449432




SPARIÐ 1000

BÓMULLARSATÍN

FULLT VERÐ: 3.995

**2.995**

**VIBE OG ERNA SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómullarsatín. Stærð: 140 x 200 sm. Vnr. 1272380, 1273280

KRONBORG OF DENMARK

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

SPARIÐ 3000 AF SÆNGUM

KRONBORG OF DENMARK

ANDADÚNSÆNG




135 X 200 SM. FULLT VERÐ: 17.950

**14.950**

**KRONBORG GREENLAND ANDADÚNSÆNG**
Notaleg og góð sæng fyllt með 90% af andadúni og 10% af andafiðri. Þyngd: 750 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Stærðir:
135 x 200 sm. **17.950** nú **14.950**
135 x 220 sm. **19.950** nú **16.950**
Koddi: 50 x 70 sm. **7.995**
Vnr. 4060050, 4060051, 4260004

Brutust inn í ranga íbúð:

# Þjófarnir báðust afsökunar

**SVÍÞJÓÐ** Hjón í úthverfi Stokkhólms vöknuðu upp við vondan draum þegar þrír grímuklæddir þjófar sem komnir voru í íbúð þeirra heimtuðu peninga og verðmæti.

Innbrotsþjófarnir komust hins vegar fljótt að því að þeir höfðu brotist inn á rangan stað og báðust afsökunar á ónæðinu.

Þjófarnir notuðu þó tækifærið og höfðu á brott með sér giftingarhringa hjónanna, að því er segir á fréttavef Dagens Nyheter. **- ibs**

Lögreglan í Suður-Kóreu hefur handtekið skipstjóra ferju sem hvolfdi og sakar hann um vanrækslu:

# Skipstjórinn forðaði sér snemma frá borði

**SUÐUR-KÓREA, AP** Mögulegt er að fleiri af farþegum suður-kóreskrar farþegaferju sem hvolfdi á fimmtudagskvöld hefðu bjargast ef skipstjóri ferjunnar hefði gefið fyrirmæli um að yfirgefa skipið fyrr.

Skipstjórinn var handtekinn í gær ásamt tveimur öðrum skipverjum. Hann er sakaður um vanrækslu í starfi og önnur brot.

Skipstjórinn var ekki í brú skipsins þrátt fyrir að siglt hafi verið á hafsvæði þar sem þess er krafist, lögum samkvæmt. Þá forðaði hann sér snemma frá borði í stað þess að stýra björgunaraðgerðum.

„Skipstjórinn forðaði sér frá borði á undan farþegunum,“ segir Yang Jung-jin, saksóknari sem fer með rannsókn málsins.

Rannsókn á ástæðum þess að ferjunni hvolfdi miðar lítið, en komið hefur í ljós að hún beygði skarpt rétt fyrir slysið. Ástæða þess að skipið beygði hefur ekki verið gefin upp.

Alls voru 476 um borð í ferjunni, flest börn á leið í skólaferðalag. Staðfest hefur verið að 174 komust af, 28 eru látnir og 274 er enn saknað. Einn þeirra sem komust lífs af, aðstoðarskólastjóri sem hafði umsjón með stórum hópi barna á ferjunni, stytti sér aldur í gær. Í sjálfsvígsbréfi hans kom fram að hann gæti ekki afborið að hafa lifað af þegar svo mörg börn í hans umsjá létust.

Kafarar leita nú að líkum um borð í skipinu en lélegt skyggni undir yfirborði sjávar torveldar leitina verulega. **-bj**



**SYRGJA** Ættingjar þeirra sem fórust með ferjunni og þeirra sem enn er saknað syrgja börn sín og ættingja. NORDICPHOTOS/AFP


## Hver á skilið að fá umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2014?

Auglýst er eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs. Öllum er frjálst að skila inn tilnefningum fyrir **23. apríl 2014**. Verðlaunin verða veitt norrænu sveitarfélagi, borg eða staðbundnu samfélagi fyrir framlag til umhverfismála.

Allar nánari upplýsingar á **norden.org**

norden


# Flugvöllur í kosningu þegar nefndin klárar

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill láta kjósa aftur um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar þegar nefnd um framtíð hans skilar af sér í lok árs. Flokkurinn kynnti áherslur sínar á skírdag. Prófa á fimm ára bekk og auka sveigjanleika.

**KOSNINGAR** Samstaða virðist meiri um stefnuna í flugvallarmálum hjá frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins en var í fyrri hópi borgarfulltrúa flokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn í borginni kynnti stefnumál sín á blaðamannafundi í Rimaskóla í Grafarvogi á skírdag. Þar kom meðal annars fram að frambjóðendur flokksins telja ljóst að flugvöllurinn verði í Vatnsmýri um fyrirsjáanlega framtíð. Halldór Halldórsson, oddviti flokksins, boðar um leið kosningu meðal reykvískra kjósenda um framtíð flugvallarins þegar nefnd um framtíð hans, sem Ragna Árnadóttir lögfræðingur og fyrrverandi dómsmálaráðherra fer fyrir, skilar tillögum í lok árs. Fyrri íbúakosningu frá 2001, þar sem brotthvarf flugvallarins var samþykkt, telur hann úrelta.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Afstaða borgarfulltrúa sjálfstæðisflokksins til flugvallarins var áður klofin. Þannig vildu fyrrverandi borgarfulltrúarnir Gísli Marteinn Baldursson og Þorgerður Helga Vigfúsdóttir að flugvöllurinn viki. Þá hefur örlað á skoðanamun í hópi núverandi frambjóðenda. Við afgreiðslu aðalskipulags í borgarstjórn í nóvember í fyrra var líka felld tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Júlíusar Vífils Ingvarssonar, Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur, í öðru, þriðja og sjötta sæti nú, um að flugvöllurinn yrði sýndur á núverandi stað í skipulaginu. Þau greiddu líka atkvæði gegn aðalskipulaginu. Hildur Sverrisdóttir og Áslaug Friðriksdóttir, sem nú skipa fjórða og fimmta sæti á lista flokksins, samþykktu hins vegar aðalskipulagið og sátu hjá við afgreiðslu á tillögu samflokksfólks síns.

Halldór telur að taka þurfi upp aðalskipulag borgarinnar vegna ákveðinna þátta, en flokkurinn sé hins vegar sammála flestum áformum sem þar koma fram um þéttingu byggðar. „Við viljum fá niðurstöðu Rögnunefndarinnar og tryggja það að höfuðborgin sé með flugvöll í einhverri mynd. Við viljum ekki að innanlandsflugið flytjist til Keflavíkur,“ sagði hann í viðtali við fréttastofu að lokinni kynningu á stefnumálunum. Um leið sagði hann vel koma til greina að byggja í Vatnsmýri, það færi eftir útfærslum í niðurstöðum nefndarinnar um framtíð flugvallarins. **olikr@frettabladid.is**



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Í ÞOKU** Afstaða væntanlegs borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokks til uppbyggingar í Vatnsmýri ræðst nokkuð af tillögum nefndar um framtíð flugvallarins sem skila á í lok þessa árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vilja auka sveigjanleika í skólakerfinu

Í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins í komandi sveitarstjórnarkosningum er talað fyrir auknum sveigjanleika milli skólastiga til að betur verði mætt þörfum einstakra barna, allt frá leikskóla til framhaldsskóla. Námsleiðum eigi að fjölga í efri bekkjum grunnskóla og gefa nemendum kost á að stunda framhaldsskólaáfanga samhliða grunnskólanámi. Flokkurinn vill líka taka upp fimm ára bekk sem tilraunaverkefni. „Nágrannasveitarfélögin hafa gert tilraunir með þetta og það hefur gengið vel. Við teljum þetta mjög áhugavert,“ segir Halldór Halldórsson, oddviti flokksins.






Vanskilahlutfall einstaklinga lækkar milli marsmánaða 2013 og 2014:

# Seldu 629 eignir á fyrsta fjórðungi

**VIÐSKIPTI** Eignasala Íbúðalánasjóðs á fyrstu þremur mánuðum ársins er yfir sautjánfalt meiri en á sama tíma í fyrra. Í tilkynningu sjóðsins til Kauphallar kemur fram að á fyrsta ársfjórðungi hafi sjóðurinn selt 629 eignir, þar af rúmlega 500 íbúðir sem seldar voru til leigufélagsins Kletts. Á sama tíma í fyrra voru seldar 36 eignir.

Fram kemur að samþykkt hafi verið að auki kauptilboð í 93 eignir til viðbótar þar sem tilboðshafar vinni að fjármögnun. 1.028 eignir eru sagðar í sölumeðferð en Íbúðalánasjóður er með 919 íbúðir í útleigu um land allt.

Í mánaðarskýrslu sjóðsins kemur fram að hlutfall lána einstaklinga sem eru í vanskilum hafi lækkað í mars. Fjárhæð vanskila útlána til einstaklinga nam 4,3 milljörðum króna. „Alls voru 7,11 prósent þeirra heimila sem eru með fasteignalán sín hjá Íbúðalánasjóði með lánin í vanskilum í lok mars 2014, sambærilegt hlutfall í lok mars 2013 var 9,20 prósent.“ **-óká**



**REYKJAVÍK** Almenn útlán Íbúðalánasjóðs drógust saman um 45,4 prósent milli mars 2014 og 2013, fóru úr 743 milljónum í 406 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# FARTÖLVUTILBOÐ




acer

## GLÆSILEGA HÖNNUÐ HVÍT ACER ASPIRON MEÐ INTEL i3 !

Frábær kaup í þessari fyrir páskana. Skemmtilega hönnuð 14" fartölva með langri rafhlöðuendingu og Intel i3 örgjörvanum. Intel HD 4000 skjákort og 500GB harður diskur. Stórt og þægilegt lyklaborð. Windows 8.1.

**99.990**

ACE-NXMKJED001




TOSHIBA

## FJÓRIR KJARNAR OG NÝR INTEL i7 HASWELL ÖRGJÖRVI !

Ein sú öflugasta í L-línunni frá Toshiba. Kraftmikil og hröð í vinnslu með Intel i7 Haswell örgjörvanum. Frábær í leikjaspilun með 2GB nVidia GeForce GT 740M skjákorti. Kristaltær og skarpur 15,6" skjár og 500GB harður diskur. Windows 8.1.

**149.990**

TOS-L50A1D6

PROMENNT **ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !**

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.

tl.is

TÖLVU LISTINN




**OPNUNARTÍMI**

Lokað í dag, skírdag !

Opið laugardag 11-16

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

Hjúkrunarfræðingar í vanda:

# Útlendingar fá verri meðferð

**NOREGUR** Nær 70 prósentum norskra hjúkrunarfræðinga finnst erfitt að meta verki hjá sjúklingum í minnihlutahópum frá öðrum menningarheimum þar sem þeir láti oft óþægindi sín í ljós á annan hátt en norskir sjúklingar. Þetta er niðurstaða rannsóknar doktorsnemans Lise-Merete Alpers.

Hjúkrunarfræðingum finnst erfitt þegar sjúklingar kvarta of mikið og túlka kveinin jafnvel sem ýkjur. Hegðunin geti jafnframt leitt til rangrar greiningar. -ibs

Litagleði einkennir ekki landann þegar kemur að vali á nýjum bílum:

# Meðalbíllinn er gamall og grár

**VIÐSKIPTI** Grár er langvinsælasti liturinn á nýjum bílum. Þetta má lesa úr Árbók bílgreina 2014 sem nýverið kom út í tengslum við aðalfund Bílgreinasambandsins.

Nærri helmingur nýskráðra bíla á síðasta ári var grár, en hlutfallið hefur síðustu ár sveiflast í kring um fimmtíu prósentin. Miklu munar svo á næstu litum. Í öðru sæti var hvítur með fimmtungshlutdeild. Hvítur hefur verið í öðru sæti frá 2010. Þriðja sætið hefur líka verið óbreytt frá þeim tíma, en það verma brúnir bílar með um 12 prósenta hlutdeild.

Í ritinu koma líka fram áhyggjur Jóns Trausta Ólafssonar, formanns Bílgreinasambandsins, af aldri bílaflota landsmanna, sem farið hafi hratt hækkandi síðustu ár. „Svo hratt að í dag er hann einn elsti bílafloti Evrópu og er meðalaldur skráðra fólksbíla á Íslandi hátt í 13 ár," segir hann. -óká



**Í REYKJAVÍK** Gjaldþrot bílgreinafyrirtækja voru nærri meðaltali í fyrra, 3,4 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ákærður fyrir gróft ofbeldi:

# Særingar eftir neyslu sveppa

**SVÍÞJÓÐ** Karlmaður á Skáni hefur verið ákærður vegna grófs ofbeldis þegar hann reyndi að reka út illa anda úr konu. Samkvæmt frétt frá Metro mun parið hafa neytt ofskynjunarsveppa áður en særingarnar fóru fram.

Hinn ákærði skrifaði í tölvupósti til konunnar að engill og guð hefðu tekið sér bólfestu í líkama hans. Þess vegna hafi það ekki verið hann sem beitti ofbeldinu. Hann neitar því ekki að konunni hafi verið misþyrmt. -ibs




# Telja útflutning bera skaða af hvalveiðum

Whole Foods-verslanir auglýsa ekki íslenskt lambakjöt vegna hvalveiða. Áhyggjur eru uppi um að það sé aðeins byrjunin og fyrirtæki í öðrum löndum fylgi á eftir vegna umhverfisstefnu. Formaður atvinnuveganefndar segir áhyggjur óþarfar.

**VIÐSKIPTI** „Þetta er bara byrjunin," segir Sigursteinn Másson, talsmaður Alþjóðadýraverndunarsjóðsins á Íslandi, um auglýsingabann Whole Foods-verslana á íslenskt lambakjöt vegna hvalveiða Íslendinga.

Hann segir fyrirtæki í Bandaríkjunum og innan Evrópusambandsins í auknum mæli fylgja ákveðinni umhverfisstefnu. Það að standa í viðskiptum við aðila sem eru í alþjóðlegum viðskiptum með hvalaafurðir rúmist ekki innan þeirrar stefnu.

Í frétt nýjasta tölublaðs Bændablaðsins kemur fram að hvalveiðar Íslendinga ollu því að íslenskt lambakjöt var ekki auglýst í Whole Foods-verslununum í Bandaríkjunum á síðasta ári.

Verslanirnar hættu að auglýsa vöruna á síðasta ári eftir gagnrýni hvalfriðunarsinna. Fyrir vikið gengu markmið um söluaukningu frá árinu 2012 ekki eftir og nærri lá að verslanirnar hættu sölu á íslensku lambakjöti.

„Það sem er að gerast í Bandaríkjunum á hvorki að koma á óvart né er einstakt eða afmarkað. Ef menn fara ekki að láta sér segjast, og hvalveiðar hefjast aftur í vor, þá er spurningin hvað gerist með önnur viðskiptaríki. Okkar helstu viðskiptalönd hafa með formlegum hætti á síðustu árum ítrekað mótmæli sín við þessum veiðum í viðskiptaskyni. Ef ekkert jákvætt gerist í málinu þá er hætt við að hlutirnir þróist til enn verri vegar," segir Sigursteinn.

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, telur hvalveiðar Íslendinga ekki vera áhyggjuefni vegna útflutnings og viðskipta við erlendar verslanir.



**HVALVEIÐAR** Hvalveiðar Íslendinga í viðskiptaskyni samræmast ekki umhverfisstefnu fjölmargra fyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SIGURÐUR EYÞÓRSSON**

„Við höfum áður séð einhverjar hótanir í þessa átt," segir Jón. „Ég á ekki von á því að við [stjórnvöld] blöndum okkur nokkuð í málið."

Ekki náðist í Sigurð Inga Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, við vinnslu fréttarinnar.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssambands sauðfjárbænda, segir bandaríska markaðinn vera mjög mikilvægan og því hafi menn áhyggjur af að hann sé í hættu.

„Við fáum mjög gott verð á bandarískum markaði þótt magnið sé ekki mikið. Verslanirnar eru mjög þekktar og skipta okkur miklu máli. Það hefur tekið langan tíma að byggja upp gott samband við þessa aðila, þeir koma til landsins í næsta mánuði til að funda um málið og þetta er eitthvað sem við verðum að taka alvarlega," segir Sigurður. erlabjorg@frettabladid.is



> „Það sem er að gerast í Bandaríkjunum á hvorki að koma á óvart né er einstakt eða afmarkað. Ef menn fara ekki að láta sér segjast, og hvalveiðar hefjast aftur í vor, þá er spurningin hvað gerist með önnur viðskiptaríki.
>
> *Sigursteinn Másson, talsmaður Alþjóðadýraverndunarsjóðsins á Íslandi.*

Gestir hvaðanæva úr heiminum kynna sér líkamsrækt aldraðra í Svíþjóð:

# Er 100 ára og á fullu í ræktinni

**SVÍÞJÓÐ** Ókeypis líkamsrækt fyrir 90 ára og eldri í Nacka, einu úthverfa Stokkhólms, dregur að forvitna gesti hvaðanæva úr heiminum. Meðal þeirra sem stunda æfingar þar einu sinni í viku er 100 ára gamall karlmaður og 93 ára gömul eiginkona hans.

Frumkvæðið að átakinu, sem hófst vorið 2011 og nýtur styrks frá hinu opinbera, átti heimilislæknirinn Göran Murvall, að því er segir á fréttavef Sænska dagblaðsins. Margir þeirra 16 sem byrjuðu í átakinu þurfa ekki jafnmikið á staf og göngugrind að halda og áður.

Haft er eftir Jan Lexell, prófessor í endurhæfingarlækningum við Háskólann í Lundi, að sífellt fleiri rannsóknir bendi til þess að líkamsrækt styrki ekki bara líkamann, heldur geti hún komið í veg fyrir elliglöp. Rannsóknir sem prófessorinn gerði á tíunda áratug síðustu aldar á öldruðum leiddu í ljós að þeir gætu meira en tvöfaldað vöðvastyrk sinn á þremur mánuðum með öflugri kraftþjálfun. Aðrar rannsóknir hafa leitt í ljós að kraftþjálfun virkar einnig fyrir þá sem eru orðnir níræðir.

Lexell segir þörf á fleiri verkefnum eins og í Nacka. Slíkt myndi spara fé til lengri tíma litið og auðvelda mörgum öldruðum daglegt líf. -ibs



**LÍKAMSRÆKT** Æfingar aldraðra bæta líf þeirra. NORDICPHOTOS/GETTY

4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 12 mánuði fylgir!




**Samsung Galaxy S5**

**119.990 kr.** stgr.

**7.290 kr.** /18 mán.

4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 12 mánuði fylgir!



**iPhone 5s** 16GB

**109.990 kr.** stgr.

**6.690 kr.** /18 mán.

# Sumt er betra en súkkulaði

4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 6 mánuði fylgir!



**iPhone 5c** 16GB

**89.990 kr.** stgr.

**5.490 kr.** /18 mán.

4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 3 mánuði fylgir!




**Samsung Galaxy S4 Plus**

**99.990 kr.** stgr.

**5.990 kr.** /18 mán.

**0 kr. Nova í Nova**

**1.000 mínútur**
**500 SMS/MMS**

**0 kr. í frelsi**
**690 kr. í áskrift**

**0 kr. í alla**

**Ótakmarkaðar mínútur og SMS/MMS**

**4.990 kr./mán.**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald.

# ÁSTAND HEIMSINS







**ÓFRIÐUR** Átök milli kristinna og múslima halda áfram í Mið-Afríkulýðveldinu. Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatti landsmenn til að vinna að friði í ávarpi sem útvarpað var í landinu á fimmtudag. NORDICPHOTOS/AFP




**KYSSIR KROSSINN** Kona sem tilheyrir söfnuði rétttrúnaðarmanna kyssir kross á göngu sinni um Jerúsalem á föstudaginn langa. Þúsundir kristinna pílagríma flykktust til Jerúsalem til að minnast krossfestingar og upprisu Krists.




**LÍFVÆNLEG PLÁNETA** Vísindamenn greindu frá því á fimmtudag að vatn gæti verið á yfirborði plánetunnar Kepler-186f. Plánetan, sem gæti litið út eins og á þessari tölvugerðu mynd, er svipuð að stærð og Jörðin. Plánetan gæti því haft sambærileg skilyrði fyrir líf og Jörðin. Heimsóknir gætu tekið langan tíma enda plánetan í um 500 ljósára fjarlægð frá Jörðu.







**STÚLKURNAR VÖKVAÐAR** Ungversk stúlka í þjóðbúningi fær vatnsskvettu yfir sig í hefðbundnum hátíðarhöldum í Kalosca-héraði í Ungverjalandi. Heimamenn tala um að „vökva stúlkurnar“, en það er gömul frjósemisathöfn frá því áður en svæðið varð kristið.




**STYÐJA MUSHARRAF** Stuðningsmenn Pervez Musharraf, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans, söfnuðust saman við heimili hans í gær til að sýna stuðning sinn. Musharraf var ákærður fyrir landráð eftir að hann sneri úr útlegð fyrr á árinu.




**ASNASKAPUR** Asni kannar vopnabúnað ísraelsks hermanns. Hermaðurinn fylgdist með vikulegum mótmælum Palestínumanna gegn stækkandi landnemabyggðum á Vesturbakkanum.









Kaloríur með fallegan páskaboðskap:

# Tvær milljón áminningar um upprisu

Áætlað er að Íslendingar borði um tvær milljónir páskaeggja núna um hátíðina. Það eru hátt í sex egg á mann; sum eru þegar horfin ofan í okkur en þeirra veglegustu verður margra leitað í fyrramálið, þegar páskadagur rennur upp.

Fyrir mörgum eru páskarnir fyrst og fremst kærkomið fimm daga frí þegar daginn er tekið að lengja og einkennast ekki sízt af útivist og súkkulaðiáti. Fyrir þá sem játa kristna trú – og það er yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar – hafa þeir samt dýpri merkingu.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Páskaeggin eiga einmitt að minna okkur á inntak páskanna. Egg eiga sér langa sögu sem tákn um frjósemi og endurfæðingu, löngu fyrir daga Krists. Í kristinni táknfræði minnir hins vegar brotin skurn eggsins á tóma gröf Krists að morgni páskadags. Að utanverðu minnir eggjaskurnin á kaldan steininn en innan í henni er nýtt líf, sem bíður þess að klekjast út – og á það minnir líka krúttlegi páskaunginn sem trónir á mörgum súkkulaðieggjunum sem verða snædd á morgun.

Páskarnir eru mikilvægasta trúarhátíð kristinna manna vegna þess að í páskaboðskapnum felst fyrirheit um eilíft líf. Eftir dapurlegar frásagnir undanfarinna daga af kvöl og pínu Krists verður fagnaðarboðskapurinn lesinn úr Markúsarguðspjalli í kirkjum landsins í fyrramálið:

„Þá er hvíldardagurinn var liðinn keyptu þær María Magdalena, María móðir Jakobs og Salóme ilmsmyrsl til að fara og smyrja hann. Og mjög árla hinn fyrsta dag vikunnar, um sólarupprás, koma þær að gröfinni. Þær sögðu sín á milli: „Hver mun velta fyrir okkur steininum frá grafarmunnanum?“ En þegar þær líta upp sjá þær að steininum hafði verið velt frá en hann var mjög stór. Þær stíga inn í gröfina og sjá ungan mann sitja hægra megin, klæddan hvítri skikkju, og þær skelfdust.

En hann sagði við þær: „Skelfist eigi. Þér leitið að Jesú frá Nasaret, hinum krossfesta. Hann er upp risinn, hann er ekki hér. Sjáið þarna staðinn þar sem þeir lögðu hann. En farið og segið lærisveinum hans og Pétri: Hann fer á undan yður til Galíleu. Þar munuð þér sjá hann eins og hann sagði yður.““

Þessi frásögn af upprisunni er öflugasti drifkrafturinn í trú hundraða milljóna kristinna manna um allan heim. Páskarnir eru sigurhátíð, þar sem við fögnum sigri lífsins á dauðanum, ljóssins yfir myrkrinu, þess góða á illum öflum.

Kristnir menn vænta ekki eingöngu eilífs lífs eftir enda jarðlífsins, þeir eiga líka fyrirheit um nýtt líf með Kristi hér í þessari jarðvist ef þeir fara að fordæmi hans.

Það er ágætt að hafa það í huga um leið og einu af þessum tveimur milljónum páskaeggja er sporðrennt – og þá má um leið gleðjast yfir því að það er ekki algengt að jafnmargar kaloríur flytji okkur eins ánægjulegan og fallegan boðskap.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

## Hættum að henda mat

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið býður til morgunverðarfundar um matarsóun, á Degi umhverfisins, 25. apríl 2014.**

Fjallað verður um umfang, ástæður og afleiðingar matarsóunar, hvað stýrir okkur sem neytendum við kaup á mat, hvernig nýta má betur hráefni við matvælaframleiðslu, hvernig draga má úr matarsóun í mötuneytum og þá vitundarvakningu sem hefur orðið meðal almennings varðandi þessi efni.

Nánari dagskrá er að finna á heimasíðu ráðuneytisins, **www.uar.is**

Fundurinn fer fram í Heklusal Hótel Sögu kl. 8:30 – 10:30.

Fundurinn er öllum opinn og er aðgangur ókeypis en óskað er eftir því að fundargestir skrái sig á heimasíðu ráðuneytisins á slóðinni **www.uar.is/matarsoun** fyrir kl. 12 á hádegi 23. apríl.

Afgangs matur verður nýttur í Kaffistofu Samhjálpar.

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ



## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Framsókn með sterkustu evrurökin



Ásgeir Jónsson hagfræðingur er höfundur efnahagsog peningamálakaflans í skýrslu alþjóðastofnunar um mat á stöðu aðildarviðræðnanna. Þegar skýrslan var kynnt benti hann á að sennilega væri krafan um endurgreiðslu húsnæðislána ein skýrasta vísbendingin um að þolinmæðin gagnvart óstöðugleika og fallvaltri krónu væri þrotin.

Ríkisstjórnin þreytist ekki á að segja þjóðinni að hrun krónunnar hafi verið mesta gæfa þjóðarinnar í alþjóðlegu fjármálakreppunni. Á sama tíma segir hún að gengishrunið hafi verið forsendubrestur sem skattborgararnir þurfi að bæta þeim sem skulduðu húsnæðislán. Enginn slær hendi á móti peningum. En það sem flestir eiga erfitt með að skilja er þetta: Hvernig gat gengishrunið bæði verið gæfa og bótaskyldur forsendubrestur?

Eðli gengisfellingar er að flytja fjármuni frá heimilum til útflutningsfyrirtækja. Krafan um að fá forsendubrestinn bættan bendir ótvírætt til þess að almenningur sætti sig ekki við að gjaldmiðillinn sé notaður með þessum hætti. Gengisfellingin sem ríkisstjórnin lofsyngur er einfaldlega brestur á forsendum í augum kjósenda. Þegar stjórnmálamenn viðurkenna bótakröfu af þessum sökum hafa þeir í reynd fallist á að gengisfellingar eru ekki lukkuhjól eða gæfumerki.

Sú ákvörðun meirihluta Alþingis að niðurgreiða skuldir einstaklinga vegna gengishruns er í verki viðurkenning á því að gjaldmiðillinn er ónothæfur. Það er eins og að hrópa upp í vindinn að afneita því með orðum þegar verkin segja aðra sögu. Að þessu virtu má segja að Framsókn sé með sterkustu rökin fyrir nýjum stöðugum gjaldmiðli.

## Skaðabætur fyrir uppbætur

Engin önnur Evrópuþjóð hefur greitt jafn háar skaðabætur úr ríkissjóði vegna tjóns sem gjaldmiðillinn hefur valdið. Forsætisráðherra segir reyndar að það sé heimsmet. Eftir lögmáli rökræðunnar er hin hliðin á því meti lélegasti gjaldmiðill í heimi.

Þá kunna einhverjir að spyrja: Er ekki ljómandi gott að hafa kerfi þar sem heimilin borga uppbætur til útflutningsfyrirtækjanna og ríkissjóður borgar heimilunum skaðabætur fyrir að hafa greitt uppbæturnar? Verkurinn er sá að það kerfi er uppskrift að óðaverðbólgu. Það er svo vel þekkt Íslandssaga að óþarfi er að ganga á vegginn til að læra þau sannindi.

Ríkisstjórnin telur að hún geti náð þessum þremur markmiðum samtímis: 1) Að varðveita fullt sjálfstæði í peningamálum. 2) Að halda genginu föstu. 3) Að tryggja frjálsa fjármagnsflutninga. Í skýrslu alþjóðastofnunar er hins vegar bent á að það sé nú almennt viðurkennt innan hagfræðinnar að ekkert land geti náð öllum þremur markmiðunum í einu. Þau verði alltaf að velja einhver tvö af þessum þremur.

Þessi veruleiki skilur okkur eftir með val. Á annað borðið getum við valið höft og stöðugleika. Á hitt getum við kosið aðild að myntbandalagi og stöðugleika. Ríkisstjórnin telur sig hins vegar geta gert það sem hagfræðin telur ógerlegt. Hætt er við að sú tilraun endi með því að við náum ekki stöðugleikamarkmiðinu sem krafan um bætur fyrir forsendubrestinn sýnir að kjósendur setja í forgang.

Fari fram sem horfir er því eins víst að við festumst á ný í hringrás skaðabóta fyrir uppbætur. Það er afturför en ekki framför.

## Velferðarbati

Í skýrslu alþjóðastofnunar er fyrst og fremst verið að meta stöðu aðildarviðræðnanna og svara þeirri spurningu hvort skynsamlegt sé að halda þeim áfram. Í kaflanum um efnahags- og peningamál er þó gengið lengra. Þar er reynt að svara þeirri spurningu hvort aðild að evrópska myntbandalaginu sé fýsilegur kostur.

Niðurstaðan er laus við tæpitungu. Þar er sagt að upptaka evru sé einn stærsti einstaki velferðarávinningur sem landsmenn eiga völ á. Þessi ákveðna niðurstaða rímar vel við þær ályktanir sem draga má af yfirgripsmikilli og hnausþykkri greinargerð Seðlabankans um peningamálin og mögulega kosti á öðrum myntum. Munurinn er sá að í nýju skýrslunni er talað skýrt.

Engin dul er dregin á þá staðreynd að upptaka annarrar myntar felur í sér ýmsar fórnir. Bent er á að skammtímasveiflur í atvinnuleysi geti orðið meiri þó að ekkert bendi til að atvinnustig til lengri tíma yrði lakara. En þegar annar efnahagslegur ávinningur er metinn þykir enginn vafi leika á að heildarhagsmunir þjóðarinnar séu betur varðir með evru en krónu.

Þessi niðurstaða rímar líka vel við þann almannavilja sem lesa má út úr óþolinu gagnvart forsendubresti endurtekinna gengislækkana. Þegar öllu er á botninn hvolft hljóta menn að velta fyrir sér hvernig það megi vera að pólitíkin geti lokað bæði augum og eyrum þegar svo afgerandi fræðilegt álit liggur fyrir. Og þó snýst þetta allt um höft eða frelsi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




# PÁSKAPOTTUR!

**Hann er ljómandi fínn og fimmfaldur páskapotturinn
í Lottóinu og stefnir í 45 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

19/04 2014 | WWW.LOTTO.IS

facebook
Ert þú á Facebook? Magnað, við líka!
facebook.com/lotto.is

JANÚAR




**4.695 kr.**
Vnr. 86363041-540
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.

**4 LÍTRAR**

**1.645 kr.**
Vnr. 86333010
Viðarskoli, 1 l.




**4 LÍTRAR**

Vnr. 42377537
Pallahreinsir 4 l.

**2.995 kr.**



Vnr. 84105030/163500
SPEKTER pallaskrúbbur eða pallavírbursti.

**3.495 kr.**

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

## VIÐARVÖRN




**3 LÍTRAR**

Vnr. 80602503
TREOLJE pallaolía, ljósbrún, 3 l.

**2.395 kr.**




Pinotex
**6 LÍTRAR**

Vnr. 89410460-2460
PINOTEX CLASSIC viðarvörn, margir litir, 6 l.

**5.995 kr.**




Pinotex
**5 LÍTRAR**

Vnr. 89436375-94
PINOTEX pallaolía, glær, græn, brún eða fura, 5 l.

**4.995 kr.**




**3 LÍTRAR**
málning

Vnr. 86360040-1337
Pallaolía, ljósbrún, 3 l.

**7.395 kr.**




**4 LÍTRAR**
málning

Vnr. 86332040-9040
KJÖRVARI viðarvörn, margir litir, 4 l.

**4.995 kr.**



## AFSKORIN BLÓM

Vnr. 55092303
Rósir 10 stk.
**2.995 kr.**

Vnr. 55092302
Blönduð búnt.
**2.995 kr.**

Vnr. 55092305
Páskagreinar.
**1.195 kr.**

Vnr. 55029304
Páskaliljur, 7 stk.
**1.295 kr.**



Vnr. 55092140/48-9
Orkídea eða hortensía.
**1.995 kr.**

Vnr. 55092161
Chrysanthemum.
**695 kr.**

Vnr. 55029093
Páskaliljur.
**415 kr.**

# Grænland
## BYKO BREIDD

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is




KLÚBB verð
39.995 kr.
Almennt verð 43.295 kr.
BYKO KLÚBBURINN

Vnr. 50650007
WEBER Q1200
gasgrill, 2,64 kW.

Klúbbstilboðin gilda 19.–21. apríl.

0%

## Vaxtalaust lán

BYKO býður kortalán án vaxta í allt
að 12 mánuði. Sjá nánar á www.byko.is.

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.




Vnr. 42374941
Viðarkol, 2 kg.
545 kr.

Vnr. 49980781
Uppkveikjilögur, 1 l.
595 kr.



Vnr. 42373644
Kúlugrill,
kolagrill, 43 cm.
3.995 kr.



Vnr. 50630080
Cook Dome
kolagrill, 57 cm.
44.995 kr.



Vnr. 50632115
COMBO ferða-
grill, 3,6 kW.
19.995 kr.



Vnr. 50657504
SIGNET 20
gasgrill, 11,7 kW.
105.995 kr.

Vnr. 50657510
MONARCH 320
gasgrill.
88.995 kr.

Vnr. 50657500
SOVEREIGN 90
gasgrill, 12,59 kW.
169.995 kr.

Broil King



weber

Vnr. 50650008
CLASSIC 3B
gasgrill E310, 9,4 kW.
KLÚBB verð
99.995 kr.
Almennt verð 105.995 kr.

Vnr. 50650009
PREMIUM 3B
gasgrill, 9,4kW
KLÚBB verð
144.995 kr.
Almennt verð 155.995 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# HELGIN



**Unnsteinn Manuel Stefánsson tónlistarmaður**

### Tónlistarhelgi Stefson-bræðra

„Ég ætla að fara á Aldrei fór ég suður. Svo munum við Stefson-bræður líka koma til með að þeyta skífum fyrir vestan.“



**Dagný Berglind Gísladóttir, ritstýra íbn.is**

### Páskaegg og sumarbústaður

„Ég verð á Laugarvatni að stunda jóga og hugleiðslu ásamt því að úða í mig páskaeggi númer 7 og reyna að klára mastersritgerðina mína.“



**Sigríður Thorlacius söngkona**

### Vestfirðir og lítið páskaegg

Ég ætla vestur um helgina og spila á Aldrei fór ég suður með Hjaltalín, borða kannski eitt páskaegg, það allra minnsta (bara upp á málsháttinn). Slappa af í góðra vina faðmi og horfa á fjöllin.



**Ársæll Þór Ingvason, Intro Beats**

### Semja og spila

Ég verð að spila á Dolly langt fram á laugardagsmorgun með vinkonu minni, DJ Yamaho. Restinni af helginni ætla ég að eyða í að semja tónlist og borða páskaegg.




RADAR


# Íslenskar útgáfur í tilefni dagsins

Of Monsters and Men, Ásgeir Trausti, John Grant og FM Belfast meðal þeirra sem verða með sérstakar útgáfur á alþjóðlegum degi plötusala í dag, laugardag.

**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is

„Það eru svo margir tónlistarmenn sem eru aldir upp í plötubúðum. Þegar stafræna formið kom til sögunnar og plötubúðir fóru að loka um allan heim, fóru þessar sem eftir urðu að verða dálítið sérstakur vettvangur og mikil menningarstarfsemi sem fer þar fram. Það er svo gaman fyrir fólk að koma inn og hitta aðra sem eru að fást við það sama, eða að sjá þekkt andlit úr bransanum,“ segir Ingvar Geirsson, eigandi Lucky Records, plötuverslunar á Rauðarárstíg, en alþjóðlegur dagur plötubúðanna er í dag, laugardag.

„Deginum verður fagnað,“ segir Ingvar jafnframt, en meðal annars koma fram hljómsveitirnar Samaris og Epic Rain, tónlistarmaðurinn Futuregrapher og svo verður útgáfufyrirtækið Borg með svokallað dj-sett. „Svo verður haldið upp á daginn með alls konar sérstökum útgáfum. Of Monsters and Men ætla að gefa út tveggja laga, sjö tommu, vínylplötu, Ásgeir Trausti, og John Grant gefa einnig út sérstaka útgáfu á þessum degi. FM Belfast ætla að hafa sína nýju plötu fáanlega í plötubúðum, þrátt fyrir að formlegur útgáfudagur plötunnar sé 22. apríl, og Epic Rain gefur einnig út nýja plötu í dag, svo eitthvað sé nefnt. Það lendir reyndar þannig að dagurinn er á þessari páskahelgi, þannig að við erum í smá stríði við póstinn með að fá allt efnið til landsins fyrir þennan dag,“ segir Ingvar léttur í bragði.

Ingvar segir mikla aukningu í útgáfu íslenskrar tónlistar. „Það er svo margt sem er að koma út, alls konar dót, margt sem er bara gefið út á vínyl og svona. En tölurnar eru samt langt frá því að vera þær sömu og voru fyrir tíu fimmtán árum síðan,“ útskýrir Ingvar, en hann hefur verið ein níu ár í bransanum. „Ég er gríðarlega mikill tónlistaráhugamaður og ég elska það sem ég geri. Það er rosalega gaman að hafa komið því þannig fyrir að geta gert þetta alla daga,“ segir Ingvar.

Alþjóðlegur dagur plötubúðanna er haldinn hátíðlegur í fjórða sinn hér á landi, en þetta er í fyrsta sinn sem íslensk útgáfa verður þennan dag. „Stefnan er að stækka við sig og hafa enn þá meiri og skemmtilegri dagskrá á næsta ári,“ segir Ingvar að lokum. olof@frettabladid.is



**HELDUR DAGINN HÁTÍÐLEGAN** Ingvar Geirsson hjá Lucky Records hefur verið plötusali í um það bil níu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU…



**Á TÓNLEIKA** Unnar Söru Eldjárn í Mengi, Óðinsgötu 2, klukkan 21 í kvöld. Unnur Sara flytur eigin lög auk nokkurra uppáhaldslaga eftir aðra.

**Á SÖNG** hrafnanna eftir Árna Kristjánsson í Útvarpsleikhúsinu á Rás 1 klukkan 13 á morgun. Hljóðverk sem fjallar um Davíð Stefánsson og vini hans. Ólafur Darri Ólafsson leikur Davíð.






**SKÁLDSÖGUNA** Sögusafn bóksalans eftir Gabrielle Zevin í þýðingu Karls Emils Gunnarssonar. Hugljúf saga um bækur, ást og missi. Hafðu vasaklút við höndina.

**Á DJANGO UNCHAINED** eftir Quentin Tarantino á Stöð 2 klukkan 23.55 annað kvöld. Stórbrotin mynd með Jamie Foxx, Christoph Waltz, Leonardo DiCaprio, Kerry Washington og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum. Tarantino eins og hann gerist bestur.



# PÁSKAR

## OPIÐ Í DAG
## FRÁBÆRT VERÐ!



**Páskagreinar**
**799 kr.**
~~899 kr~~

**Allt páskaskraut**
**25%**
**afsláttur**



**Sýpris**
**1.499 kr**
**ferskur og flottur**



**Páskaliljur 10 stk.**
**999**



**Gasgrill Sunset**
**39.900 kr.**
**3 brennarar**

Sunset Solo 3
Grillflötur:628x406mm
3 ryðfríir brennarar, 9,67 kW
3000393



**Gasgrill Omega**
**19.900 kr.**
**2 brennarar**

Omega 100
Grillflötur 500x360mm,
Tvískiptur brennari, 6,2 kW
3000226



**Gasgrill Drifter**
**64.900 kr.**
**3 brennarar**

Drifter 3
Grillflötur: 625x434 mm
3 ryðfríir brennarar,10,5 kW
3000213



BUGG

**Gasgrill BUGG**
**75.890 kr.**
**Með undirvagni**

BUGG gasgrill
Grillflötur: 1860cm²
2 brennarar 5.86 kW
3000223



**Gasgrill Weber**
**39.890 kr.**
**Q120 svart ferðagrill**

Weber Q120
Brennari: 2,64 kW
Grillflötur: 42x32 cm
3000244



**Gasgrill Weber**
**49.900 kr.**
**Q200**

Weber Q200
Brennari: 3,51 kW
Grillflötur: 54x39 cm
3000259

### Húsasmiðjan og Blómaval Skútuvogi

| | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 19. apríl | 10-19 |
| Páskadagur | 20. apríl | Lokað |
| Annar í páskum | 21. apríl | 11-17 |

**Sjá afgreiðslutíma um land allt á husa.is**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



**LENT Í NEPAL** „Þarna var ægifagurt og gaman að vera,“ segir Hörður um Nepal þar sem hann vann um skeið. Þyrlan hans á lendingarstað við Shreenagar í 10 þúsund fetum yfir sjávarmáli. MYND/HÖRÐUR KARLSSON




**FARÞEGAR Á LEIÐ UM BORÐ** Flugvél af gerðinni Dash 8, ein þeirra véla sem Hörður og félagar hafa yfir að ráða, í Bambari í Mið-Afríkulýðveldinu. MYND/HÖRÐUR KARLSSON



**JÓLADAGUR Í BANGUI** Hörður ásamt starfsfélögum sínum á jóladaginn síðasta. Þessa mynd notuðu þau á jólakveðjurnar. MYND/HÖRÐUR KARLSSON

# Á flugi um átakasvæði heims

„Menn eru enn að höggva mann og annan,“ segir Hörður Karlsson, sem starfað hefur við flug á mörgum helstu átaka- og hamfarasvæðum heims í meira en tuttugu ár. Árið 1991 hugðist hann skreppa úr landi til að ná sér í aukavinnu í Angóla, en hefur lítið komið heim síðan. Nú er hann í Mið-Afríkulýðveldinu þar sem blóðbaðið varð nánast stjórnlaust í vetur.

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



Ástandið hér í Bangui er ekki gott, en það er samt aðeins skárra en það var í desember og framan af janúar,“ segir Hörður Karlsson, sem starfað hefur síðan í nóvember í Mið-Afríkulýðveldinu á vegum Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna.

„En það má segja að það slái í brýnu einhvers staðar í borginni á hverju kvöldi eða hverri nóttu.“

Hörður kom til Bangui, höfuðborgar Mið-Afríkulýðveldisins, rétt um það bil viku áður en allt fór úr böndunum. Séléka, skæruliðasamtök múslima, gerðu uppreisn í mars á síðasta ári og steyptu forseta landsins af stóli. Í desember höfðu kristnir menn komið sér upp einhvers konar sjálfsvarnarsveitum sem tóku til við blóðugar hefndir.

„Múslimar hafa mjög hljótt um sig hér núna, og það er vegna þess að þessir svokölluðu kristnu menn, kallaðir Anti-Balaka hér, þeir hafa gengið um borgina til að leita þá uppi og brytja þá niður í einhvers konar hefndarskyni. Þeir fara enn ránshendi um bæinn og þá er enginn óhultur. Og múslimar, þeir sem það geta, þykjast svo líka vera að hefna sín og gjalda í sömu mynt.“

### Annað Rúanda?

Margir hafa haft áhyggjur af því að blóðbaðið í Mið-Afríkulýðveldinu geti magnast tiltölulega hratt þannig að úr verði þjóðarmorð á stærð við það sem framið var í Rúanda fyrir tuttugu árum. Hörður segist þó ekki telja að sú verði raunin.

„Nei, ég held reyndar að það sé langt í að þetta verði eins og annað Rúanda. Það var allt svo vel skipulagt og gerðist svo hratt,“ segir Hörður. „Ef ekkert er gert þá náttúrlega halda þessar skærur áfram. En hér er enginn skipulagður her eða skæruher sem er að safnast saman og ætlar svo að storma af stað og byrja að höggva og drepa. Slíkt er ekki fyrir hendi. Drápin úti í mörkinni eru fyrir hendi, en ekki á stórum skala. En fólk er eins og það er. Menn eru enn að agnúast hver út í annan, höggva mann og annan. Þessi hugsunarháttur er mjög ríkur í fólki.“

### Friðargæsla

Frakkar hafa ásamt nokkrum Mið-Afríkuríkjum séð um friðargæslu í landinu síðustu misserin. Í desember ákváðu Frakkar að senda fleiri hermenn þangað, og nýverið samþykkti svo Evrópusambandið að senda þangað friðargæsluliða. Nú síðast hefur Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkt að senda nærri 12 þúsund manna friðargæslulið til Mið-Afríkulýðveldisins.

„Þeir eru strax byrjaðir að trítla inn hérna undir merkjum friðargæslu Sameinuðu þjóðanna. Með bláu húfurnar sínar.“ segir Hörður. „Þeir ætla að senda hingað 18 þúsund manns, bæði löggur og her. Í millitíðinni reyna svo Frakkar eins og þeir geta að halda einhverju skikki á hlutunum. Og það hefur gengið ágætlega. En þeir geta auðvitað ekkert verið alls staðar. Vandamálið hérna er að það er akkúrat enginn infrastrúktúr í þessu landi. Það vantar algerlega. Þó það hafi verið búinn til forseti og einhvers konar ríkisstjórn hérna í janúar, þá þarf að byggja hér nánast allt upp frá grunni.“

> „Við erum ekki skotmark hérna, þannig að ef maður fer eftir þeim öryggisvenjum sem okkur er gert að fylgja, þá er maður ekkert hræddur um eigið skinn. Kúltúrsjokkið hefur líka mildast talsvert. Ætli ég sé ekki orðinn svona samdauna þessu.
>
> *Hörður Karlsson*

### Flugþjónusta hjálparstarfs

Þótt ástandið hafi skánað í höfuðborginni undanfarið, þá segir Hörður að átökin hafi færst í aukana víða úti á landi. „Það eru margir staðir hér núna sem við getum ekkert flogið til fyrir vikið,“ segir hann.

Hann vinnur á vegum Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna, nánar tiltekið hjá lítilli undirstofnun sem nefna mætti Mannúðarflugþjónustu Sameinuðu þjóðanna, skammstafað UNHAS, sem stendur fyrir UN Humanitarian Air Service.

Starf hans er fólgið í því að sjá um flugþjónustu fyrir hjálparstofnanir í landinu, bæði stofnanir á vegum Sameinuðu þjóðanna og smærri stofnanir sem halda úti hjálparstarfsemi þar.

„Við erum bæði í fólksflutningum og fraktflugi. Við fljúgum með hjálparstarfsmenn, en flestar hjálparstofnanir hafa einhverjar skrifstofur eða útgerðir í þessum þorpum. Fraktflugið er mest með lyf og þess háttar. Það væri alltof dýrt að flytja matvælin með flugi.“

### Stríð og hamfarir

Hörður hefur í meira en 20 ár starfað við flug á mörgum helstu átaka- og hamfarasvæðum heims. Hann byrjaði í Angóla árið 1991: „... og hvílíkt kúltúrsjokk, svona nokkuð þekkti ég bara í sjónvarpi og bíó,“ segir hann.

Síðar hefur hann starfað víða í ríkjum Afríku og Asíu. Þar má nefna lönd á borð við Tsjad og Súdan, þar á meðal í Darfúrhéraði og svo í Suður-Súdan eftir að það ríki var stofnað. Hann hefur unnið í Kamerún og báðum Kongó-löndunum, og á ýmsum tímum í bæði Norður- og Suður-Jemen.Hann hefur einnig starfað í Asíuríkjunum Nepal og Sri Lanka og var sendur til Indónesíu í byrjun árs 2006 eftir að flóðbylgjan mikla hafði gert þar óskunda mikinn.

„Þetta eru alla jafna ekki neinir plugnet-staðir sem við erum sendir til. Það er dýrt að halda úti flugi svo þetta er jafnan síðasta hálmstráið þegar aðrar samgönguleiðir ganga ekki.“

Hörður vann einnig um tíma hjá Sameinuðu þjóðunum í Genf og í meira en þrjú ár í höfuðstöðvum Matvælaáætlunarinnar í Róm þar sem hann vann að því að búa til handbækur og skipuleggja gæðastjórnunarkerfi fyrir UNHAS: „Á þeim tíma var verið að koma þessari flugdeild á koppinn. Hún var ekki til áður.“

### Ætlaði rétt að skreppa

Snemma árs árið 1991 tók líf Harðar nýja stefnu. Hann var þá 33 ára gamall, hafði starfað sem flugvirki hjá Flugfélagi Norðurlands á Akureyri, en ákvað að freista gæfunnar í útlöndum. „Ég ætlaði í smáskrepp til að vinna hjá svissnesku flugfélagi sem var með Twin Otter-vélar í Angóla. Ég ætlaði bara rétt að belgja aðeins budduna.”

Síðan eru liðin 23 ár og framandi slóðir hafa verið hans starfsvettvangur síðan.

Hörður var ógiftur þegar hann fór út, en gerðist fjölskyldumaður í Norður-Frakklandi, rétt hjá landamærum Belgíu. Þar á hann bæði konu og stjúpdóttur. „Ég kalla það heimili mitt núna,“ segir Hörður, sem skreppur þó heim á klakann stöku sinnum og talar íslenskuna eins og hann hafi aldrei farið héðan.

„Þetta hefur ekki alltaf verið fjölskylduvænt. Ég gerði heiðarlega tilraun til þess að hætta þessu síðasta sumar og byrjaði að vinna hjá Booking.com, en komst að því að ég er ekki mikið efni í þjónustufulltrúa og leitaði því í sama farið aftur.“

### Engin mannúðarástríða

Hann segist ekki hafa neina einhlíta skýringu á því af hverju hann valdi sér þennan starfsvettvang.

„Ég er ekki að þessu af einhverri mannúðarástríðu. En ég var í skátum og björgunarsveitum heima alla tíð. Það er líka það. Mér finnst ég gera gagn, þótt maður sé oft hundfúll út í Sameinuðuþjóðakerfið. Svo er maður nú kominn af léttasta skeiði þannig að kannski er ekki um auðugan garð að gresja ef maður vildi hætta þessu.“

Hann segist afar sáttur við þessa vinnu: „Við erum ekki skotmark hérna, þannig að ef maður fer eftir þeim öryggisvenjum sem okkur er gert að fylgja, þá er maður ekkert hræddur um eigið skinn. Kúltúrsjokkið hefur líka mildast talsvert. Ætli ég sé ekki orðinn svona samdauna þessu.“ Í eitt skipti þagnaði Hörður þó sem snöggvast meðan á samtali okkar stóð, en sagði svo: „Nei, þetta var ekki skothríð. Þetta voru þrumur.“



**HÖRÐUR AÐ STÖRFUM** Þarna er hann að gera úttekt á litlum flugvelli við þorp í Mið-Afríku sem nefnist Bouar. Hann og félagar hans þurfa að gera úttekt á öllum áfangastöðum áður en þeir byrja að þjóna þeim, og svo þarf að heimsækja þá reglulega til að ganga úr skugga um að allt sé í lagi. MYND/HÖRÐUR KARLSSON

## Mið-Afríkulýðveldið

Mið-Afríkulýðveldið er eitt fátækasta ríki heims, þrátt fyrir auðuga náttúru sem býr yfir verðmætum málmum, olíu, timbri og vatnsorku. Íbúarnir voru um mitt síðasta ár líklega um 4,4 milljónir, en á síðustu mánuðum hafa um 800 þúsund manns flúið heimili sín og margir þeirra farið yfir landamærin til Tsjad eða Kamerún.

Landið var frönsk nýlenda frá því um aldamótin 1900 til ársins 1960. Stjórn hins sjálfstæða ríkis hefur jafnan verið veikburða og mikil spilling viðloðandi, ekki síst á alræmdri stjórnartíð Jean-Bédels Bokassa, sem hrifsaði til sín völdin árið 1965, krýndi sjálfan sig keisara í kostulegri athöfn árið 1974 og ríkti til ársins 1979 þegar Frakkar hjálpuðu David Dacko, fyrsta forseta hins sjálfstæða ríkis, til að ná völdum aftur.




Síðustu árin hafa einkennst af þrálátum átökum stjórnarhersins við Séléka, skæruliðahreyfingu múslima sem stofnuð var haustið 2012.

Undir lok árs 2012 náðu Séléka-menn meira en helmingi landsins á sitt vald. Samið var um vopnahlé í janúar 2013 en í mars réðust Séléka-menn engu að síður inn í höfuðborgina Bangui og náðu þar völdum. Þáverandi forseti, Francois Bozize, hraktist úr landi en Michel Djotodia, leiðtogi Séléka, tók sér forsetavald.

Átökin héldu þó áfram og nýja stjórnin var sökuð um ofbeldisverk af ýmsu tagi. Djotodia forseti virtist enga stjórn hafa á sínum mönnum.

Þar kom að kristnir menn hófu undir lok síðasta árs hefndaraðgerðir og gáfu ekkert eftir í grimmdinni. Þeir fóru um landið í hópum undir nafninu Anti-Balaka og drápu múslima hvar sem þeir gátu.

Í janúar sagði Djotodia svo af sér eftir þrýsting frá bæði nágrannaríkjum og alþjóðasamfélaginu. Hann flúði síðan land.

Catherine Samba-Panza, sem hafði verið borgarstjóri Bangui í tæpt ár, tók þá að sér forsetaembættið til bráðabirgða. Hún er fyrsta konan sem gegnir þessu embætti í Mið-Afríkulýðveldinu. Stefnt er að kosningum á næsta ári.



Fegurðin kemur að innan.
BLUE LAGOON
ICELAND
Döðlur.

# GAME OF THRONES Í ÍSLENSKRI PÓLITÍK

**Ísland eins og Westeros, sögusvið Game of Thrones, er staður þar sem ættarveldi og gamlar klíkur berjast um völdin. Á báðum stöðum er ógninni að utan haldið í skefjum og barist fyrir gömlum gildum. Og tækifærin virðast helst fólgin í aðsteðjandi vetri. En hver er hver á íslensku Krúnuleikunum?**

## Davíð Oddsson
## Tywin Lannister

**„Hrokafullur og eilítið ofmetinn foringi. Hann heldur öllum í gíslingu þrátt fyrir að vera ekki konungur sjálfur.**

**Börn hans, Cersei og Jaime, eru Hanna Birna og Bjarni Ben. Bæði reyna þau að lifa sjálfstæðu lífi og andmæla stundum pabba en eru samt dæmd til að vera í skugga hans. Það er voða mikill Garðabær í Lannisterunum sem hlýtur að gera Vilhjálm Bjarnason að Tyrion. Hann getur ekki hugsað sér að yfirgefa flokkinn/fjölskyldu sína en á í raun ekkert sameiginlegt með þeim.“**



## Sigmundur Davíð
## King Joffrey

**„Eiga það sameiginlegt að vera óvinsælustu menn landsins og í valdamesta embætti ríkisins. Báðir efast ekki um eigið ágæti og telja að allt sem þeir gera sé glæsilegt, að vinna stríð – heimsmet í stjórnun, á sama tíma og almenningur snýr við þeim baki. Báðir bregðast fjandsamlega við allri gagnrýni og túlka slíkt sem persónulegar árásir. Ekki er þó hætta á að andstæðingar Sigmundar byrli honum eitur, þótt hann kvarti undan loftárásum þeirra.“**





## Vigdís Hauksdóttir
## Daenerys Targaryen

**„Ef einhver myndi stökkva á bálköst með drekaegg í faðminum þá væri það Vigdís. Hugsanlega nær hún svipuðum stjórnsýslulegum árangri og Daenerys, eru ekki framsóknarmenn það sem kemst næst því að vera Dothraki í íslenskri pólitík? Þeir eru allavega mikið fyrir lambakjötið og lítið fyrir að fara út fyrir sléttuna sína. Líkt og Daenerys þá spúir Vigdís eldi, kannski ekki í bókstaflegri merkingu heldur yfir kommentakerfi fjölmiðla og það er aðeins ein leið fær – leiðin hennar. Drekarnir hennar heita Heimssýn, Bændasamtökin og LÍÚ.“**





## Birgitta Jónsdóttir
## Arya Stark

**„Dökkhærðar og baráttuglaðar. Báðar virðast langt frá meginplottinu og fjarri því að vera stórir leikendur í valdapólitíkinni en hver veit nema hugmyndir pírata um aukna upplýsingaskyldu stjórnvalda og gegnsærri stjórnvöld verði til að stinga á einhver kýli í samfélaginu á sama hátt og Nál Aryu?“**





## Jóhanna Sigurðardóttir og Guðbjartur Hannesson
## Catelyn og Robb Stark

**„Allir vita að þau eru voðalega næs en hafa ekki mikið vit á pólitískri strategíu. Úrslit kosninganna voru rautt brúðkaup fyrir Samfylkinguna.“**





### AÐRIR SEM KOMUST Á BLAÐ

**ÞÓRÓLFUR GÍSLASON** (Kaupfélag Skagfirðinga) **Petyr Baelish**
„Miklir áhrifamenn sem kunna best við sig á bak við tjöldin og skipuleggja flókin samsæri þar sem allt leyfist, svo framarlega sem staða þeirra sjálfra styrkist.“

**GUNNAR BRAGI SVEINSSON | Theon Greyjoy**
„Finna sig báðir í stöðu sem nær langt út fyrir burði þeirra. Gera svo illt verra með því að spila sig rækilega úr buxunum. Eiga það sameiginlegt að orðið pylsa verður fyndið ef það er nefnt í sömu andrá og nöfn þeirra.“

**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON | Varys**
„Hann var tryggur Targaryen-maður, síðan með Störkunum, loks með Lannisterum og mun skipta eftir því sem vindar blása, en hann getur bara ekki hugsað sér Stannis og rauða guðinn, sem í verkum GRRM hlýtur að tákna ESB.“

**ÁLITSGJAFAR Snæbjörn Brynjarsson sviðslistamaður og rithöfundur, Freyja Steingrímsdóttir stjórnmálafræðingur, Gísli Jökull Gíslason lögreglumaður**

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

# HÖLLIN – ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT OG SPENNANDI!

## GLEÐILEGA PÁSKA!



**UMBRIA**
sófar eru fáanlegir í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar, með og án tungu. Þeir eru fáanlegir bæði í ákæði og leðri og mörgum litum.

**UMBRIA** HORNSÓFI MEÐ TUNGU
Stærð: 326 x 261 H 78 cm. Slitsterkt áklæði í mörgum litum. Höfuðpúðar seldir sér.

**369.990**
FULLT VERÐ 419.990

## OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

SKÍRDAG – REYKJAVÍK – 13⁰⁰-17⁰⁰
SKÍRDAG – AKUREYRI – LOKAÐ
FÖSTUDAGURINN LANGI – LOKAÐ
LAUGARDAGUR – REYKJAVÍK – 11⁰⁰-17⁰⁰
LAUGARDAGUR – AKUREYRI – 11⁰⁰-16⁰⁰
PÁSKADAGUR – LOKAÐ
ANNAR Í PÁSKUM – LOKAÐ



**CAMEO** HORNSÓFI MEÐ TUNGU
Stærð: 234x304x157 H 88 cm.
Slitsterkt ljóst og dökkgrátt áklæði.

**CAMEO** einnig fáanlegur 3ja og 2ja sæta burgundy-rauður og dökkgrár
3ja sæta 222x89 H 88 cm Fullt verð: 149.990 **TILBOÐSVERÐ: 129.990**
2ja sæta 160x89 H 88 cm Fullt verð: 119.990 **TILBOÐSVERÐ: 99.990**

**299.990**
FULLT VERÐ 329.990



**ANDREW**
Borðstofustóll
Hvítur.
**14.990**
FULLT VERÐ: 19.990



**MARCUS**
Margir litir. Viður og krómlappir
**6.990**
FULLT VERÐ: 7.990



**MATIZE**
Borðstofustóll
Eikargrind og svart leður
**13.995**
FULLT VERÐ: 27.990

## 20%
## AFSLÁTTUR AF ALLRI SMÁVÖRU TIL PÁSKA!



**NÝTT**
HUGMYND AÐ FERMINGARGJÖF!

**16.990**
FULLT VERÐ: 19.990
**WOODY** borðstofustóll. 7 litir með hvíttuðum viðarlöppum.



**GINNIE**
skrifborðsstóll 4 litir.
**14.990**
FULLT VERÐ: 19.990








**DALLAS** Barstóll
Svart og hvítt leður á krómfæti.
**15.990**
FULLT VERÐ: 23.990



**MATHILDE**
Barstóll
Svart leður á krómfæti.
**19.990**
FULLT VERÐ: 27.990



**BLAZE**
Barborð
Hvít borðplata á krómfæti.
**24.990**
FULLT VERÐ: 34.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík OG Dalsbraut 1 • Akureyri EITT SÍMANÚMER 558 1100

# KRÓNAN

*– fyrst og fremst ódýr og snjöll*




**1299 kr. kg**

Verð áður ~~1598~~ kr. kg

**Lambalæri marinerað, margar tegundir**

# PÁSKAVEISLA Í KRÓNUNNI!




**4198 kr. kg**

Verð áður ~~4998~~ kr. kg

Ungnautalund, erlend




**998 kr. kg**

Verð áður ~~1469~~ kr. kg

Grísakótilettur kryddaðar




**1189 kr. kg**

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísahnakkar kryddaðir

| Opið í dag laugardag | 10-20 | Akranesi<br>Bíldshöfða | Granda<br>Lindum | Mosfellsbæ<br>Selfossi | 10-21 | Árbæ<br>Breiðholti<br>Vallakór | Reykjavíkurvegi<br>Hvaleyrarbraut | 11-18<br>11-19 | Reyðarfirði<br>Vestmannaeyjum | Lokað á morgun páskadag |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|


Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is




396 kr. pk.

Toppur án bragðefna, 4x2 lítrar




790 kr. pk.

Pepsi, 4x2 lítrar



899 kr. stk.

Emmess Djæf krans m/daim



1398 kr. stk.

Krónu Súkkulaðiterta, 3 hæða



1298 kr. kg

Matfugl veislufugl
með fyllingu



2998 kr. stk.

Önd Cherry Valley, 2,3 kg




1989 kr. kg

Krónu kjúklingabringur magnpakkning

Sjá nánar páskaopnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2014 **GARÐABÆR**








10.643 manns

bjuggu í Garðabæ árið 2010

14.182 manns

búa í Garðabæ í dag

10.472

eru á kjörskrá

7,5 milljarðar

Skuldir og skuldbindingar Álftaness árið 2010




# Sameiningin gengið áfallalaust

Sameining sveitarfélaganna Garðabæjar og Álftaness var samþykkt í íbúakosningu þann 20. október árið 2012. Bæjarfulltrúum fjölgar um fjóra, fara úr sjö í ellefu talsins. Sjálfstæðisflokkurinn hlaut í síðustu sveitarstjórnarkosningum hreinan meirihluta í báðum bæjarfélögunum. Garðabær er sjötta stærsta sveitarfélag landsins, 10.472 eru á kjörskrá.



**Sveinn Arnarsson**
sveinn@frettabladid.is

Þann 1. janúar 2014 voru íbúar hins sameinaða sveitarfélags Garðabæjar og Álftaness, undir nafni þess fyrrnefnda, 14.180 talsins. Sameining þessara sveitarfélaga varð að veruleika þann 1. janúar 2013 eftir að bæði sveitarfélögin samþykktu sameininguna í íbúakosningu þann 20. október árið áður. Íbúaþróun hefur verið á þá leið að bæjarbúum hefur fjölgað umtalsvert á síðustu 10 árum eða um 31 prósent. Garðabær er í dag sjötta fjölmennasta sveitarfélag landsins.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í sveitarstjórnarmálum síðan síðast var kosið til sveitarstjórnar árið 2010 í Garðabæ. Í júlí árið 2010 kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjárhagsvandræði Álftaness. Þá var komin fjárhagsstjórn yfir rekstur þess sveitarfélags og talið einsýnt að skatttekjur sveitarfélagsins dygðu ekki til að reka sveitarfélagið. Gerðir höfðu verið óuppsegjanlegir leigusamningar undir formerkjum einkaframkvæmdar sem skuldbundu sveitarfélagið Álftanes til langs tíma. Álftanes var þá í þeirri stöðu að skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins voru um 7,5 milljarðar króna. Söguna þekkja flestir og samhliða kosningum til stjórnlagaráðs árið 2012 var einnig kosið um sameiningu sveitarfélaganna.

Vegna sameiningar þessara tveggja sveitarfélaga er því landslagið í kosningunum í vor nokkuð öðru vísi en það var fyrir fjórum árum. Bæjarfulltrúum mun fjölga í Garðabæ um fjóra, fara úr sjö í ellefu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft gríðarlega góða stöðu í báðum þessum byggðarlögum. Í síðustu kosningum hlaut flokkurinn hreinan meirihluta í báðum sveitarstjórnunum, hlaut 47,3 prósent greiddra atkvæða á Álftanesi. Í Garðabæ fékk flokkurinn nærri tvö af hverjum þremur greiddum atkvæðum og fimm menn af sjö í bæjarstjórn.

Þreifingar áttu sér stað í vetur milli flokkanna í Garðabæ um að bjóða fram einn sameiginlegan lista gegn Sjálfstæðisflokknum. Þær umræður runnu fljótlega út í sandinn.

Á síðasta kjörtímabili hefur Garðabær verið nokkuð í umræðunni. Vegarlagningu um Gálgahraun, nýrri vegtenging milli Álftaness og Garðabæjar, var harðlega mótmælt og fóru „Hraunavinir“, samtök sérstaklega stofnuð til að verja Gálgahraun, þar fremst í flokki. Náttúruverndarsamtök mótmæltu einnig harðlega og voru skipulögð mótmæli viðhöfð þannig að lögregla þurfti að skerast í leikinn.

Líklegt er að fjögur framboð bjóði fram krafta sína í komandi kosningum í hinu sameinaða sveitarfélagi. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eru tilbúnir með framboðslista. Björt framtíð ætlar sér að bjóða fram lista sameiginlega með M-listanum sem bauð fram til sveitarstjórnar í Garðabæ árið 2010. Einnig ætlar Samfylkingin að tilkynna sinn lista fljótlega eftir páska. Fleiri framboð hafa ekki gert sig líkleg til að bjóða fram lista.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, skipar áttunda sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í komandi kosningum. Sjálfstæðisflokkurinn í Garðabæ stillti upp lista og hafnaði þar þremur reyndum bæjarfulltrúum flokksins og stillti Gunnari upp í efsta sæti listans. Mikillar óánægju gætti meðal sumra sjálfstæðismanna með niðurstöðu uppstillingarnefndar. Gunnar kom þá fram með málamiðlunartillögu á sáttafundi í Sjálfstæðisflokknum þess efnis að hann færði sig úr oddvitasætinu í það áttunda.

Gunnar telur uppstillinguna ekki skaða flokkinn í komandi kosningum. „Ég er ánægður með þann lista sem var stillt upp. Auðvitað er eftirsjá að reyndum bæjarfulltrúum en á endanum var þetta lýðræðisleg niðurstaða. Ég er í senn oddviti og bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins þó ég hafi ákveðið að fara niður í áttunda sæti listans. Um leið og ég skynjaði ákveðin vonbrigði með útkomu uppstillingarnefndar kom ég fram með lausn á málinu og þá fann ég að andrúmsloftið róaðist til muna.“

Einar Karl Birgisson er oddviti Framsóknarflokksins í komandi kosningum. Framsóknarflokkurinn náði ekki inn manni í kosningunum í Garðabæ en Einar Karl sat í sveitarstjórn Álftaness árið 2010.

## FRAMBOÐSLISTAR Í MOSFELLSBÆ

D

**Sjálfstæðisflokkur**



**1. sæti** Áslaug Hulda Jónsdóttir framkv.stjóri

**2. sæti** Sigríður Hulda Jónsdóttir framkv.stjóri

**3. sæti** Sigurður Guðmundsson lögfræðingur

**4. sæti** Gunnar Valur Gíslason framkv.stjóri

**8. sæti** Gunnar Einarsson bæjarstjóri

B

**Framsókn**



**1. sæti** Einar Karl Birgisson svæðisstjóri Latabæjar

**2. sæti** Þórunn K. Matthíasdóttir forstöðumaður

**3. sæti** Björn Þorfinnsson sölufulltrúi

**4. sæti** Anna Lena Halldórsdóttir kennari

Samfylkingin og Björt framtíð hafa ekki sett saman lista en úr þeirra herbúðum er það að frétta að listarnir séu að verða tilbúnir.

Að hans mati hefur sameiningin tekist með ágætum, sameiningarferli sem þetta taki oft langan tíma og halda verði þeirri vinnu áfram. Sameiningin hafi þó gengið stóráfallalaust fyrir sig og sveitarfélögin passi vel saman.

„Mikilvægt er að góð staða Garðabæjar nýtist íbúum sem best og að þjónusta við íbúana verði aukin,“ segir Einar Karl. „Við leggjum einnig áherslu á að farið verði vel yfir samgöngumálin innan sveitarfélagsins því flöskuhálsar eru víða.“

Einar Karl telur að hlúa þurfi áfram vel að íþrótta- og tómstundamálum í bæjarfélaginu. Marka þurfi skýra stefnu til framtíðar í uppbyggingu íþróttamannvirkja og svæða svo flestar íþróttagreinar geti blómstrað í Garðabæ

Steinþór Einarsson var kosinn í bæjarstjórn Garðabæjar fyrir Samfylkingu. Flokkurinn hefur ekki sett saman lista en von er á að það klárist í næstu viku. Hann gefur ekki upp hvort hann haldi áfram. Steinþór telur að skipulagsmál verði efst á baugi í kosningabaráttunni í vor.

„Hér eru menn að reyna að koma upp miðbæ, það hefur tekið langan tíma en hillir undir það núna. Einnig hafa verið langir biðlistar eftir félagslegu húsnæði og hjá fötluðum. Ekkert hefur miðað í þeim málum þrátt fyrir fjármuni í fjárhagsáætlun til verksins. Einnig skiptir máli fyrir þróun sveitarfélagsins að við hugsum hvernig byggðin þróist. Það skiptir máli að leyfa byggðakjörnunum að mætast í stað þess að byggja til fjalla.“

Nýtt kortatímabil

# nettó

Kræsingar & kostakjör

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI LÍFRÆNT LAMBAKJÖT MEÐ UPPRUNAMERKINGU BEINT FRÁ BÓNDA.

SAH Afurðir ehf Blönduósi



HEILNÆMT HOLLARI KOSTUR

**LÍFRÆNT LAMBALÆRI**
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.898,-~~
**1.594,-**



**KALKÚNN FRANSKUR**
KÍLÓVERÐ
**1.167,-**



-30%

**FYLLTUR LAMBAHRYGGUR**
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 3.099,-~~
**2.169,-**



-30%

**BLÁBER**
125 GR BOX
~~VERÐ ÁÐUR 559,-~~
**391,-**




**ONLY**
PÁSKAEGG 100 G
**179,-**




**PÁSKAEGG NO 9**
FREYJU RÍS- EÐA DRAUMAEGG
**2.198,-**



-30%

**JARÐARBER**
250 GR BOX
~~VERÐ ÁÐUR 489,-~~
**342,-**

# GLEÐILEGA PÁSKA!

## OPNUNARTÍMAR NETTÓ UM PÁSKA

| | AKUREYRI | BORGARNES | EGILSSTAÐIR | GRINDAVÍK | HVERAFOLD |
|---|---|---|---|---|---|
| SKÍRDAGUR | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 |
| FÖSTUDAGURINN LANGI | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| PÁSKADAGUR | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| ANNAR Í PÁSKUM | 12.00-18.00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 |

| | HÖFN | SALAVEGUR | MJÓDD/GRANDI | REYKJANESBÆR | SELFOSS |
|---|---|---|---|---|---|
| SKÍRDAGUR | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | Opið til miðnættis | 10.00-18.00 | 10.00-20.00 |
| FÖSTUDAGURINN LANGI | Lokað | Lokað | Lokað til miðnættis | Lokað | Lokað |
| PÁSKADAGUR | Lokað | Lokað | Lokað til miðnættis | Lokað | Lokað |
| ANNAR Í PÁSKUM | 12:00-18:00 | 12.00-18.00 | Dag&nótt | 12:00-18:00 | 10:00-20:00 |

**Tilboðin gilda 16. -21. mars 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Þörf á nýrri hugsun til að taka á húsnæðisvandanum

**Dagur B. Eggertsson,** oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, segir þörf á nýrri hugsun og nýrri nálgun til að taka á húsnæðisvandanum í Reykjavík. Hann vill vinna með verkalýðshreyfingunni til að koma til móts við þá sem hafa minna á milli handanna. Samfylkingin vill hækka frístundakortið úr 30 þúsund krónum í 50 þúsund á næsta kjörtímabili.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**STÆRSTU KOSNINGAMÁLIN:**

**„Í okkar huga eru það húsnæðismálin. Það er ekkert verkefni sem hefur tekið meira af mínum tíma undanfarin misseri en húsnæðismálin. Ég hef lengi bent á það ástand sem ríkir á leigumarkaði. Það þarf heilbrigðan leigumarkað sem við höfum kannski aldrei almennilega haft á Íslandi.**

**FYRSTA VERK SEM BORGARSTJÓRI:**

**„Ég myndi vilja taka einhverjar ákvarðanir strax í sumar varðandi húsnæðismálin. Málefni barna skipta líka miklu máli. Það er mikilvægt að kjósendur sjái og skynji að það sem við segjum í aðdraganda kosninga er ekki bara út af kosningabaráttunni heldur vegna þess að við viljum raunverulega komast í þessi verkefni.“**

**MEIRIHLUTASAMSTARF:**

**„Mér finnst eðlilegt að vinna áfram með Bjartri framtíð. Við höfum verið að vinna saman á þessu kjörtímabili. Það hefur skapast vinnufriður og ákveðin festa og kyrrð yfir borgarmálunum. Það er verið að innleiða nýja hugsun í pólitíkina, hvernig fólk talar saman og vinnur saman. Ég myndi gjarnan vilja halda því áfram.“**

„Okkar loforð miða að því að efnahagur foreldra og fjölskyldna eigi ekki að koma í veg fyrir að börn geti verið virkir þátttakendur í íþróttum og tónlistarnámi. Við verðum að horfast í augu við það að það eru margar fjölskyldur í borginni sem eiga erfitt með að láta enda ná saman. Það fylgja mikil útgjöld þessum frístundahluta og með því að hækka frístundakortið þá erum við að reyna að koma til móts við þessar fjölskyldur. Við viljum líka auka systkinaafslætti, þannig að þeir gildi þvert á skólastig,“ segir Dagur. Hann segir að hækkunin verði innleidd í áföngum. „Allt sem við segjum í okkar kosningastefnuskrá byggjum við á fimm ára áætlun í fjármálum Reykjavíkurborgar. Ég held að fólk sé alveg komið með nóg af loforðafylleríi í aðdraganda kosninga. Þannig að við setjum bara það fram sem við treystum okkur til að standa við. Það þarf að taka svona hækkun í áföngum. Þannig treystum við okkur til að gera þetta.“

### Húsnæðisvandinn stærsta málið

Dagur gerir ráð fyrir því að húsnæðisvandinn verði stærsta málið í komandi kosningum. Hann segir þörf á nýrri hugsun til að taka á vandanum. „Við höfum sett fram áætlun og gerðum það í fyrra um uppbyggingu á 2.500 til 3.000 leigu- og búseturéttaríbúðum á næstu árum. Við viljum hins vegar stilla upp lausnum fyrir alla en ekki bara suma. Við erum að horfa á félagslega hlutann og þar viljum við vinna mjög þétt með verkalýðshreyfingunni að nýrri hugsun og nýjum lausnum sem koma til móts við þá sem hafa minnst á milli handanna. Við viljum ekki að sum svæði í Reykjavík verði bara fyrir fáa og ríka sem búa í lúxusíbúðum. Við viljum þess í stað að borgin verði öll blönduð. Svo erum við að vinna með lífeyrissjóðunum sem vilja koma með fjármagn inn á almennan leigumarkað sem er kannski fyrir fjölbreyttari hóp, þ.m.t. þá sem eru efnameiri en þá vídd hefur vantað inn á leigumarkað á Íslandi. Þar sjáum við fyrir okkur að borgin leggi fram lóðir en sjóðirnir komi með fjármagnið. Svo viljum við vinna með stúdentum sem eru að sinna mikilvægum hóp. Við verðum að átta okkur á því að þegar við byggjum 500 stúdentaíbúðir þá erum við kannski í leiðinni að opna 500 íbúðir fyrir aðra á leigumarkaði. Svo eru það búseturéttaríbúðir bæði fyrir eldra fólk og fyrir venjulegar barnafjölskyldur. Við hugsum þetta út frá því að borgarbúar eru ekki allir steyptir í sama mót. Þeir eru fjölbreyttir og húsnæðismarkaðurinn þarf að vera fyrir alla. Öryggið þarf líka að vera fyrir alla en ekki bara suma,“ segir Dagur.

### Ekki fleiri hótel í miðbænum

Mikil hóteluppbygging hefur átt sér stað í Reykjavík samfara auknum straumi ferðamanna hingað til lands. Dagur segist ekki vilja sjá fleiri hótel í miðborginni. „Nú eru á áætlun 1.100 ný herbergi fyrst og fremst miðsvæðis og við höfum stutt mörg þeirra, meðal annars í gegnum skipulag. Það er vegna þess að ef það eru ekki byggð hótelherbergi þá skapast þrýstingur á leigumarkað. Ferðaþjónustan borar sig þá inn í íbúðahverfin sem eru miðsvæðis. Þess vegna þurfum við að byggja hótel. En ég gaf líka mjög skýra yfirlýsingu um daginn um að mér finnst nóg komið af hóteluppbyggingu í miðborginni. Við stöndum með þeim verkefnum sem eru komin á dagskrá en nú viljum við beina næstu bylgju inn á önnur svæði. Við erum í því samhengi að horfa á svæði í kringum Hlemm, Borgartún, Kirkjusand og svæði í kringum Grand Hótel. Við viljum líka styðja við hóteluppbyggingu í nágrannasveitarfélögum. Það þýðir að við þurfum að hugsa, bæði sem borgar- og bæjaryfirvöld, um að búa til skemmtilegt umhverfi í kringum þessi svæði. Við eigum að nýta fjárfestinguna sem fylgir ferðaþjónustunni til hagsbóta fyrir íbúa. Þannig sjáum við fyrir okkur að í hverfunum verði líka til kaffihús, skemmtilegir almenningsgarðar og fleira,“ segir Dagur.

## FYRRI STÖRF OG MENNTUN

- **1992** Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík
- **1993** Blaðamaður á DV
- **1994-1995** Starfandi formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands
- **1995-1996** Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs námsmanna
- **1995-1998** Dagskrárgerðarmaður á Ríkisútvarpinu 2000-2001 Aðstoðarlæknir á Landspítalanum
- **1999** Embættispróf í læknisfræði frá Háskóla Íslands
- **2001** Heilsugæslulæknir á Ísafirði
- **2002** Læknir á sýkladeild Landspítalans háskólasjúkrahúss
- **2005** Meistarapróf í mannréttindum og alþjóðalögum frá Háskólanum í Lundi, Svíþjóð
- **2007-2008** Borgarstjóri Reykjavíkur

9921 1993 1994 1995 1996 1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2044 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013

- **1991-1992** Formaður Félags framhaldsskólanema
- **1994-1995** Formaður Stúdentaráðs HÍ
- **1994-1996** Í Stúdentaráði fyrir Röskvu, samtök félagshyggjufólks
- **2002 til 2006** Borgarfulltrúi R-listans
- **2006** Oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík
- **2006** Borgarfulltrúi Samfylkingarinnar
- **2009-2013** Varaformaður Samfylkingarinnar

## STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA



**Höskuldur Kári Schram**
hoskuldur.schram@frettabladid.is

**visir.is**
Viðtalið við Dag B. er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á visir.is**




# Páskatilboð!



Castello ostar,
3 tegundir
**455** kr./pk.

Jamie Oliver
Bruchetta grænar ólífur,
180 g
**325** kr./stk.
~~382 kr./stk.~~

Citterio
Ham Di Parma, 70 g
**498** kr./pk.

Langnese Blossom
hunang, 250 g
**749** kr./stk.

La Baguette
smábrauð, 10 stk.
**399** kr./pk.

Carr's
Table Water kex,
125 g
**169** kr./pk.
~~209 kr./pk.~~

Carr's
Table Water kex,
125 g
**179** kr./pk.
~~189 kr./pk.~~

**NÝTT!**
Atkins&Potts
**698** kr./stk.

Jamie Oliver
Extra Virgin Olive Oil,
500 ml
**791** kr./stk.

## Opnunartími yfir páskana!

*Gleðilega páska*

| | Laugar-dagur 19. apríl | Páska-dagur 20. apríl | Annar í páskum 21. apríl |
|---|---|---|---|
| Austurver | 8 – 24 | 8 – 24 | 8 – 24 |
| Nóatún | 8 – 24 | 8 – 24 | 8 – 24 |
| Hamraborg | 8 – 24 | 8 – 24 | 8 – 24 |
| Grafarholt | 8 – 24 | Lokað | 8 – 24 |
| Hringbraut | 8 – 24 | Lokað | 8 – 24 |

*Við gerum meira fyrir þig!*

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt www.noatun.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. EXPO • www.expo.is

# FIMM HÖFUÐFÖT TIL AÐ SETJA UPP ÁRIÐ 2014


DEREK LAM


DKNY


RALPH LAUREN


CAROLINA HERRERA


TIBI

## APP VIKUNAR



### Blendin

Blendin er samfélagsmiðill sem nokkrir íslenskir vinir settu á markað í seinustu viku. Þar geturðu fylgst með vinum þínum og fengið upplýsingar um hverjir hafa hug á að fara út að skemmta sér.

Vegna þess að Blendin byggir á korti þá gefur miðilinn notendum þess kost á því að deila staðsetningu sinni í rauntíma með vinum og vandamönnum.

Appið fékk gríðarlega góðar viðtökur en fimm þúsund manns höfðu náð sér í samfélagsmiðilinn á fyrstu klukkustundunum eftir útgáfu þess.




**YFIRHEYRSLAN** ARNMUNDUR ERNST BACKMAN, LEIKARI

# Alveg hrikalega **hallærislegur**

**1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt?** Fólk heldur stundum að ég sé að hugsa um eitthvað hádramatískt og hrikalegt þegar ég er með störu en er þá yfirleitt bara að hugsa um eitthvað skrítið og fyndið. Augnsvipurinn er bara svo alvarlegur alltaf hreint, skil ekkert í honum.

**2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart?** Hvað ég er hallærislegur, ég get verið alveg hrikalega hallærislegur.

**3 Hvað kemur út á þér tárunum?** Green Mile. Hann var bara svo ofboðslega góður, af hverju þurfti hann að deyja?

**4 Hvað gerir þig pirraðan?** Sleggjudómar og skoðanagleði.

**5 Hvað er fyndnast í heimi?** Mér þykir reglulega fyndið að ímynda mér að lítil börn séu bara blindfull því það er svo skemmtileg útskýring á hegðunarmynstrinu, skapgerðarsveiflunum og líkamstjáningunni.

**6 Er líf á öðrum hnöttum?** Auðvitað. Ég vona það að minnsta kosti. Og ég vona líka að það sé til þróaðri siðmenning með lífverum sem hafa æðri skilning en við á heiminum og náttúrunni því það myndi setja manninn og sjálfsmynd hans í svo skemmtilegt samhengi.

**7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt?** Suðuhljóðið úr espresso-könnunni heima.

**8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir?** Ég eyði gæðastund með annarri kærustunni minni, hún heitir iMac og hún þarf mikla ást og alúð.

**9 Hvaða frægu persónu ertu skotinn í?** Gellunni sem var framan á seinasta plakati frá Íslenska dansflokknum, mér finnst hún rosalega sæt. Þið megið skila því til hennar.

### ➜ Útundan og Bláskjár

Arnmundur leikur þessa dagana í leikritinu Útundan sem sýnt er í Tjarnarbíó. Tinna Hrafnsdóttir leikstýrir verkinu og með önnur hlutverk fara til að mynda Elma Lísa Gunnarsdóttir, Björn Stefánsson og María Heba Þorkelsdóttir. Arnmundur sló í gegn í leikritinu Bláskjá eftir Tyrfing Tyrfingsson fyrr á árinu en verkið verður sett aftur á svið í Borgarleikhúsinu í haust.

**10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér á eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu?** Dune Trilogy því það eru 3 bækur í einni kilju, stálplötu til að elda á og bíómyndina Cast Away því þá gæti ég horft á einhvern sem skildi hvernig mér liði.

**11 Hver er fyrsta minningin þín?** Í stiganum heima á Framnesvegi 66, húsinu sem mamma byggði þegar hún var á mínum aldri.

**12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár?** Vonandi eitthvað huggulegt bara.

**13 Pálmi Gunnars eða Björn Jörundur?** Bæði betra.

**14 Hver var æskuhetjan þín?** Úlfur Hansson.

**15 Er ást í tunglinu?** Já, og í allri vetrarbrautinni.




# Fermingartilboð

3 verð á rúmfötum

7.990 kr | 8.990 kr | 9.990 kr




Lín Design Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri Sími 5332220


## FYLGSTU MEÐ ...

**Emmas Designblogg emmas.blogg.se**



Eitt elsta og mest lesna blogg í Skandinavíu er bloggið **Emmas Designblogg** þar sem aðalumfjöllunarefnið er hönnun og heimili. Bloggið stofnaði hin 34 ára gamla Emma Fexeus árið 2005 en níu árum síðan heimsækja 130 þúsund manns síðuna í hverjum mánuði. Vefsíðan er kjörinn viðkomustaður á netrúntinum fyrir fagurkera til að fá innblástur fyrir heimilið en einnig má sjá litla fróðleiksmola um ýmsa strauma og stefnur í innanhússhönnun. Emma gaf út sína fyrstu bók, Northern Delights, Scandinavian Homes, Interiors and Design, fyrir ári og seldist hún upp á tveimur mánuðum.

Emma mætti með myndavélina að vopni á HönnunarMars í síðasta mánuði og er síðasta færslan í bloggi hennar tileinkuð viðburðinum.





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## SAFN Á AKUREYRI

**Mótorhjólasafn Íslands á Akureyri er opið alla páskana frá klukkan 14 til 16. Þar er að finna skemmtilegt safn bifhjóla sem ungum og öldnum finnst spennandi að skoða.**






# DRINK OFF ER ALGER SNILLD

**ICECARE KYNNIR** *Sigríður Ásgeirsdóttir hafði ekki mikla trú á Drink Off-töflunum við þynnku. Hún ákvað þó að prófa og uppgötvaði að Drink Off svínvirkar. Hún, sem áður þjáðist af mikilli vanlíðan eftir að hafa neytt áfengis, er nú stálslegin næsta dag.*

Ég rakst á Drink Off í hillunni í Lyfju þegar ég byrjaði að vinna þar í lok síðasta árs. Mér fannst það strax spennandi og las mér til um þær en um leið hugsaði ég: GLÆTAN AÐ ÞETTA VIRKI!

Það liðu nokkrir dagar og fram undan var mikil gleði og því ákvað ég að skella mér á einn pakka og prófa. Hugsaði sem svo að ég hefði engu að tapa enda kostar Drink Off ekki hönd og fót. Ég tók tvær töflur áður en ég byrjaði að drekka fyrsta bjórinn og svo tvær töflur áður en ég fór að sofa.

Ég verð oftast mjög þunn þegar ég drekk áfengi og dagurinn eftir er undantekningarlaust ónýtur. Fæ höfuðverk og mikla vanlíðan, flökurleika og ógleði.

Svo þegar ég vaknaði daginn eftir fann ég ekki fyrir neinum höfuðverk, engri vanlíðan og engri ógleði. Það var bara eins og ég hefði ekki smakkað áfengi daginn áður.

Ég átti fyrst mjög erfitt með að trúa því að þessar Drink Off-töflur hefðu virkað svona vel. En nú er ég búin að prófa þetta nokkrum sinnum og ég get sko sagt það að þær SVÍNVIRKA.

Drink Off er algjör snilld, ég mæli 100% með því að þú prófir."

**NÁTTÚRULEGT**

**DRINKOFF®**-töflurnar innihalda náttúruleg efni, fumaric-sýru, succinic-sýru, C-vítamín og fólínsýru. Fumaric-sýra hefur verið notuð í matvæli og lækkar sýrustig í fæðu. Fumaric-sýra hjálpar til við niðurbrot á acetaldehyde sem myndast þegar alkóhól brotnar niður í líkamanum og minnkar þannig óþægindi í kjölfar neyslu áfengis. succinic-sýra er gott andoxunarefni og stuðlar að aukinni orku. C-vítamínið í töflunum stuðlar að réttum blóðsykursstyrk og styður við ónæmiskerfið í niðurbrotsferlinu.

**DRINKOFF®**-töflurnar frá Vitrum eru flokkaðar sem fæðubótarefni og innihalda náttúruleg efni sem eru ekki lyfseðilsskyld.

Ráðlögð notkun: Takið 2 töflur áður en fyrsti áfengi drykkurinn er drukkinn og 2 töflur eftir síðasta áfenga drykkinn, áður en farið er að sofa. Ef drykkja áfengis stendur í lengri tíma má taka 1-2 töflur eftir hvern drykk. Ekki fleiri en 6 töflur í hvert skipti.

**Varúð:** Aðeins ætlað fólki eldra en 20 ára. Ekki ætlað barnshafandi konum eða mjólkandi mæðrum. Geymið þar sem börn ná ekki til. Ef lyf eru tekin að staðaldri, ber að ráðfæra sig við fagfólk áður en Drink Off-töflurnar eru teknar. Í tilfellum þar sem of stórir skammtar eru teknir, hafið strax samband við lækni.



**SIGRÍÐUR ÁSGEIRSDÓTTIR** Mælir 100% með Drink Off.





HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

NÁMSKEIÐ Í ANDLITS- OG HÖFUÐNUDDI

Laugardaginn 3. maí n.k. frá 11.00- 15.00

- Sjálfsnudd, þrýstipunktanudd
- Ilmolíunudd með sérvöldum ilmkjarnaolíum
- Nudd á höfuð, herðar, bak, andlit og utan yfir föt

Ath! aðeins 6 manns í hóp.

Netfang: thorgunna.thorarinsdottir@gmail.com

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.
Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






# PÁSKATÓNAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

Í tilefni af 400 ára fæðingarafmæli sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar frumflytur kammerkórinn Schola cantorum Páskakantötu Hallgríms eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson. Hreiðar verður gestastjórnandi á tónleikunum sem verða í Hallgrímskirkju á annan í páskum klukkan 20.

Á efnisskránni eru einnig þrír páskasálmar í útsetningum dr. Róberts Abrahams Ottóssonar, ásamt hinu kraftmikla verki breska tónskáldsins Benjamin Britten, Rejoice in the Lamb. Björn Steinar Sólbergsson leikur undir á Klais-orgelið.



**TÓNSKÁLD** Verk eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson verður frumflutt á tónleikum í Hallgrímskirkju á annan í páskum. Hann verður einnig gestastjórnandi.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



**ENGU GLEYMT** Maus spilaði óvænt á afmælistónleikum X-ins í október í fyrra. Sveitin spilar á Aldrei fór ég suður um helgina.
MYND/HALLDÓR INGI

# MAUS SNÝR AFTUR

**ROKKHÁTÍÐ TÍU ÁRA** *Eftir níu ára hlé spilar hljómsveitin Maus á nokkrum tónleikum í ár. Þeir fyrstu verða á Aldrei fór ég suður um helgina.*

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður er haldin um helgina á Ísafirði tíunda árið í röð. Fjöldi gesta heimsækir bæinn hverja páska til að hlýða á fjölbreytt úrval hljómsveita og listamanna af öllum stærðum og gerðum. Ein þeirra sveita sem koma fram um helgina er Maus, sem hefur legið í dvala frá árinu 2004. Hljómsveitin var stofnuð árið 1993 og var um nokkurra ára skeið ein vinsælasta hljómsveit landsins, meðal annars valin hljómsveit ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 1998.

Undanfarin níu ár hafa hljómsveitarmeðlimir einbeitt sér að ýmsum verkefnum innanlands sem erlendis en eru nú allir búsettir hér á landi. Birgir Örn Steinarsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar, segir þá félaga fyrst og fremst ætla að einbeita sér að eldri smellum enda hafi lítill sem enginn tími gefist til að huga að nýju lagasmíðum.

„Við höfum verið afar uppteknir undanfarin ár við ýmis verkefni og ekkert náð að huga að nýju efni síðustu mánuði. Ég held að fólk vilji líka heyra gömlu slagarana, enda langt síðan við höfum spilað hér á landi.“ Hljómsveitin tók þó smá forskot á sæluna í október í fyrra þegar útvarpsstöðin X-ið hélt upp á 20 ára afmæli stöðvarinnar.

Birgir sótti hátíðina þegar hún var haldin í fyrsta sinn, árið 2004. „Hún var minni í sniðum þá og ég vissi raunar ekki af henni fyrr en með tveggja, þriggja daga fyrirvara. Undanfarin ár hefur mig alltaf langað til að fara aftur og alltaf verið jafn svekktur yfir því að komast ekki. Andrúmsloftið er skemmtilegt, það er frítt inn og gestir eru á öllum aldri ólíkt flestum öðrum tónlistarhátíðum.“ Þrátt fyrir endurkomu hyggst sveitin ekki spila á mörgum tónleikum í ár. „Við höfum verið duglegir að segja nei enda frekar uppteknir. Við erum þó bókaðir á Secret Solstice-tónlistarhátíðina og á Eistnaflug í sumar en annars höfum við tekið þá ákvörðun að spila frekar á fáum tónleikum en gera það bara vel.“



**STEMNING** Ókeypis er inn á Aldrei fór ég suður og alltaf góð stemning í húsinu.
MYND/ÁGÚST ATLASON



**FJÖRUGT** Gestir hátíðarinnar eru á öllum aldri og skemmta sér vel.
MYND/ÁGÚST ATLASON

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Whirlpool
ÞVOTTAVÉLAR
Heimilistæki ht.is

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leita sér
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

23. apríl ★ síðasti vetrardagur 2014
Bjartir dagar 2014
HEIMA Í HAFNARFIRÐI
Miðaverð 4.500 kr.
Miðasala á Súfistanum Strandgötu
Nánar á: www.mlh.is
facebook: Menningar og listafélag Hafnarfjarðar
Hashtag: #heimahatid
MLH
Menningar & listafjelag Hafnarfjarðar
HAFNARFJÖRÐUR
Tónlistarhátíð
Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson
Bjartmar • Ylja • Hallur Joensen (FO)
Vök • Strigaskór nr. 42 • Mono Town
Elíza Newman • Jónas Sigurðsson
Fjallabræður • DossBaraDjamm
Björn Thoroddsen + Jón Rafnsson & Andrea Gylfa
Snorri Helgason & Silla
RÁS 2
VÍKING
VHE ehf

# Dalabyggð

## Auðarskóli í Dölum

Við Auðarskóla eru lausar stöður grunnskólakennara fyrir skólaárið 2014 -2015. Um er að ræða almenna kennslu og kennslu í list- og verkgreinum (smíði og myndmennt) ásamt umsjón með nemendahópum. Auðarskóli er samrekinn grunn-, leik- og tónlistarskóli staðsettur í Búðardal. Í starfinu er lögð áhersla á leiðsagnarmat, ábyrgð í námi og kennslu í blönduðum nemendahópum. Aðstaða nemenda og starfsmanna til leiks og starfs er með ágætum.
Nánari upplýsingar umskólann má finna á **www.audarskoli.is**

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf til að starfa sem grunnskólakennari
- Farsælt starf í kennslu eða vinnu með börnum
- Áhugi á kennslu og skólastarfi
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum.

Upplýsingar um stöðurnar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 899 7037 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is
Áhugasamir sendi umsókir ásamt ferilskrá rafrænt á sama netfang.

**Umsóknarfrestur er til 28. april 2014.**

# ÖRYGGISGÆSLA Í KRINGLUNNI

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

***Hagkaup óskar eftir að ráða öryggisverði til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaups.***

- Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaups víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.
- Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint sakavottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir. Viðkomandi þarf að hafa fullt vald á íslensku máli, jafnt talmáli sem og rituðu máli.
- Umsækjendur yngri en 20 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti **jon@hagkaup.is** fyrir **28. apríl 2014.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Lögfræðingur/verkefnisstjóri | Háskóli Íslands, starfsmannasvið | Reykjavík | 201404/258 |
| Yfirvélfræðingur | Landspítali, vélaverkstæði | Reykjavík | 201404/257 |
| Vélfræðingur | Landspítali, vélaverkstæði | Reykjavík | 201404/256 |
| Trésmiður | Landspítali, umsjón | Reykjavík | 201404/255 |
| Pípulagningamaður | Landspítali, pípulagningaverkstæði | Reykjavík | 201404/254 |
| Rafvirki | Landspítali, rafmagnsverkstæði | Reykjavík | 201404/253 |
| Málari | Landspítali, umsjón | Reykjavík | 201404/252 |
| Framhaldsskólakennarar | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Reykjavík | 201404/251 |
| Sérfræðingur í hjúkrun | Landspítali, öryggisgeðdeild Kleppi | Reykjavík | 201404/250 |
| Starfsfólk í sumarstörf | Vinnumálastofnun, þjónustuver | Reykjavík | 201404/249 |
| Ritari lyfjanefndar | Landspítali, meltingarlækningar | Reykjavík | 201404/248 |
| Sérfræðingar í sjúkraþjálfun | Landspítali, sjúkraþjálfun | Reykjavík | 201404/247 |
| Sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun | Landspítali, gjörgæsla | Reykjavík | 201404/246 |
| Deildarlæknar, námsstöður | Landspítali, bráðasvið | Reykjavík | 201404/245 |
| Varðstjóri | Embætti ríkislögreglustjóra | Reykjavík | 201404/244 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnunin Blönduósi | Blönduós | 201404/243 |

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Löggiltur fasteignasali

Fasteignamarkaðurinn ehf., Óðinsgötu 4, sem er ein elsta starfandi fasteignasala landsins auglýsir eftir löggiltum fasteignasala til starfa til að annast samningagerð um íbúðar- og atvinnuhúsnæði auk leigusamninga. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka reynslu á þessu sviði. Góð föst laun í boði.

**Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda berist á netfangið: gtj@fastmark.is**

# ERTU Í RUSLI?

## Íslenska Gámafélagið óskar eftir starfsfólki í framtíðarstörf og sumarafleysingar.

### MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

**Hæfniskröfur**

- Meirapróf.
- Kunnátta og reynsla á vélum/tækjum.
- Góð íslenskukunnátta.
- Stundvísi og vinnusemi.
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðhorf.

### GRASSLÁTTUR

**Hæfniskröfur**

- Vinnuvélaréttindi.
- Stundvísi og vinnusemi.
- Jákvætt viðhorf.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
VIÐ ERUM Í RUSLI

Gufunesi, 112 Reykjavík | gamur.is | 577 5757

Það sem ég á í rauninni við er þetta: Er það ekki öldungis stórskrýtið að í trúarjátningu íslensku þjóðkirkjunnar, þeirri játningu sem allir kristnir menn fara með væntanlega reglulega, og ekki síst fermingarbörn um páskaleytið – er það semsé ekki stórskrýtið að í henni skuli vera að finna nafnið á annars nær óþekktum rómverskum embættismanni, manni sem hafði áreiðanlega ekki minnsta áhuga á trúmálum, heldur lagði sig bara fram um að sinna sínu lögbundna starfi af samviskusemi og alúð?

Ég á við Pontíus Pílatus. Hann var landstjóri Rómverja í Júdeu um það bil sem Jesúa frá Nasaret var handtekinn og ákærður, dæmdur og krossfestur, og gegndi ekki ósvipuðu hlutverki í þeim prósess og saksóknari ríkisins gerir á Íslandi nútildags, þótt reyndar væri Pílatus dómari um leið; aðgreining hinna ýmsu valdþátta var heldur skammt á veg komin í Rómaveldi. Sá ágæti maður Pílatus reyndi að sinna sínu starfi eins og best hann gat og hann hefði ugglaust látið segja sér það tvisvar og jafnvel þrisvar og jafnvel töluvert oftar að frekar hversdagsleg embættisverk sem hann vann án þess að leiða mjög að því hugann rétt fyrir páska árið 33, þau hefðu á endanum leitt til þess að fermingarbörn á Íslandi (landi sem Pílatus vissi að vísu ekki að væri til) þylji nú nafn hans í sjálfri trúarjátningu sinni heilagri:

„Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar. Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottin vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, píndur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn,“ og svo framvegis.

> **Er það ekki öldungis stórskrýtið að í trúarjátningu íslensku þjóðkirkjunnar, þeirri játningu sem allir kristnir menn fara með væntanlega reglulega, og ekki síst fermingarbörn um páskaleytið – er það semsé ekki stórskrýtið að í henni skuli vera að finna nafnið á annars nær óþekktum rómverskum embættismanni.**

## Örlög Pontíusar Pílatusar

Þetta eru undarleg örlög fyrir okkar mann Pílatus.

Hver hann var? Það er nefnilega ekki gott að segja. Ekkert, nákvæmlega ekkert, er um hann vitað áður en hann var skipaður landstjóri Rómverja í Júdeu árið 26 eftir Krist. Hann var ekki af neinni hefðbundinni valdaætt í Róm, ættarnafnið hans kemur einfaldlega hvergi fyrir nema hjá honum sjálfum, og eftir hans dag, þá gufar nafnið upp jafn snögglega og það birtist í spegli sögunnar. Mér þykir lang sennilegast að Pílatus hafi verið sérlegur skjólstæðingur Luciusar Sejanusar, en hann var lífvarðaforingi Tíberíusar keisara frá árinu 14 og safnaði að lokum svo miklum völdum í sínar hendur að hann var eiginlega orðinn valdamesti maður ríkisins, ekki síst eftir að Tíberíus settist að á eynni Kaprí árið 26 en lét Sejanus um hina daglegu stjórn ríkisins í Róm.

Gömlu öldungaráðsættirnar og sömuleiðis ættingjar Tíberíusar sáu ofsjónum yfir sívaxandi völdum Sejanusar og hann hefur því lagt sig allan fram um að efla sína stuðningsmenn til æ meiri valda – svo hann hefði bandamenn gegn öfundarmönnum sínum. Þar á meðal hefur Pontíus Pílatus verið.

Hann hefur líklega verið af lágaðli hinna svokölluðu riddara og næstum áreiðanlega utan af landi, upprunninn í einhverjum miðlungsbæ eða þorpi ekki allfjarri Róm og hefur svo verið sendur til heimsborgarinnar af mömmu sinni og pabba í von um að hann hlyti þar frægð og frama. Það er næsta víst að Pílatus hefur slegist í hóp ungu mannanna sem löngum héldu til á Rómartorgi, eða Forum Romanum, og reyndu að vekja á sér athygli með einhverjum ráðum – þetta voru hópar mismikilla töffara sem áttu ekkert voða mikinn pening og þurftu helst að verða skjólstæðingar einhverra auðkýfinga eða embættismanna svo þeir kæmust almennilega áfram – til þessara manna hefur Sejanus leitað þegar hann þurfti að koma sér upp sveit tryggra fylgismanna, og einhvern tíma hefur hann vikið sér að ungum slánalegum sveitastrák sem var eitthvað að gaspra á torginu og gera sig breiðan og spurt hann: „Hvað heitir þú, væni?“ – og sláninn svaraði: „Pílatus, herra, Pontíus Pílatus.“

Það má ennfremur ímynda sér að Pílatus hafi fyrsta kastið verið settur í eitthvert miðlungsembætti hjá lífvarðasveitunum, kannski var hann birgðastjóri, kannski gjaldkeri, en svo sama ár og Sejanusi tókst að ýta Tíberíusi til Kaprí að sinna sínum pedófílsku hvötum, þá var lífvarðaforinginn orðinn nógu traustur í sessi til að geta gert lágaðalsguttann af birgðaskrifstofunni að hvorki meira né minna en landstjóra heimsveldisins í Júdeu. Það sem mamma heima í sveitinni hefur áreiðanlega verið stolt!

Því þótt Júdea væri afskekkt skattland og fjarri Róm, þá var það nú virðingarstarf samt að vera þar landstjóri. Starfið fólst aðallega í tvennu, að safna sköttum og halda friðinn og Pílatus hefur gengið til verks af algjörri samviskusemi og miklum metnaði. Í þeim heimildum sem til eru um Pílatus, aðrar en guðspjöllin, þar kemur fram að hann var heilmikið hörkutól og að minnsta kosti þrisvar vakti hann gríðarlega andúð þegna sinna Gyðinganna, sem fannst hann lítilsvirða trú þeirra og sjálfsvitund með yfirgangi og frekju.



**ECCE HOMO – SJÁIÐ MANNINN** PÍLATUS SÝNIR LÝÐNUM JESÚA FRÁ NASARET.

## Hefnigjarn skapofsamaður

Einn þeirra Gyðinga sem skrifuðu um Pílatus, Fíló frá Alexandríu, segir að hann hafi verið „hefnigjarn skapofsamaður“ og ennfremur „ósveigjanlegur, viljasterkur og óaflátanlegur“. Og þegar Gyðingar skrifuðu einu sinni til Tíberíusar til að kvarta undan landstjóra sínum, þá segir Fíló að Pílatus hafi óttast að í bréfinu yrði komið upp um múturnar, móðganirnar, ránsmennskuna, svívirðingarnar, illvirkin, aftökurnar án dóms og laga og þrotlausa og alltumlykjandi grimmdina, sem einkennt hafi alla hans stjórnartíð. Tíberíus mun reyndar einu sinni hafa sett ofan í við Pílatus en hann hélt þó embætti sínu í heil tíu ár, sem var fáheyrt í skattlandinu Júdeu.

Og merkilegast af öllu var að Pílatus lifði af þótt Sejanus félli í ónáð og væri líflátinn árið 31, þá upphóf Tíberíus miklar hreinsanir á mönnum Sejanusar sem ekki þurftu að kemba hærurnar. En Pílatus hélt velli fimm ár enn. Það sýnir að hvað sem líður lýsingum Fílós og fleiri á grimmd og hörku Pílatusar (lýsingum sem áreiðanlega hafa verið ýktar töluvert) þá hefur hann verið flinkur og þrautseigur embættismaður. Og þegar hann dæmdi Jesúa frá Nasaret til dauða, þá var hann ósköp einfaldlega að gegna skyldu sinni – að bæla niður hugsanlegan óeirðasegg. Aftökur slíkra manna voru mjög algengar í Júdeu og töldust hvorki tíðindum sæta né þóttu þær sérstök grimmdarverk á sínum tíma.

En þessi dugmikli embættismaður, landstjóri, skattastjóri, saksóknari, dómari, hann endaði svo í trúarjátningu útbreiddustu trúarbragða heimsins. Skyldi mamma hans hafa hætt við að senda strákinn sinn í frægðarleit til heimsborgarinnar ef hana hefði grunað þau örlög hans?



Himneska súkkulaðið mitt er úr lífrænt ræktuðu hráefni og Fairtrade-vottað. Hágæða súkkulaði sem kætir bragðlaukana.

Solla






# Láttu hjartað ráða

UPPSKRIFTIR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR UM LÍFRÆNU VÖRURNAR MÁ FINNA Á

HIMNESKT.IS




BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

## Konráð og félagar á ferð og flugi 92

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnaþraut!“ sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata eins ánægð. „Þú og þínar eldspýtnaþrautir,“ sagði hún önug. „Þér finnst þær bara skemmtilegar af því að þú ert betri í þeim en við,“ bætti hún við. „Sko,“ sagði Lísaloppa. „Hérna eru átta jafn stórir þríhyrningar, hvað þarf að taka margar eldspýtur til að eftir verði aðeins fjórir?“ Róbert horfði vantrúaður á eldspýtnaþrautina. „Það er ekkert hægt að leysa þessa þraut,“ sagði hann fúll. „Svona nú,“ sagði Lísaloppa. „Þið getið nú reynt að leysa þessa þraut.“ „Nei,“ sagði Kata önug. „Ég neita að leysa fleiri eldspýtnaþrautir.“ „Þér gekk nú ekkert svo illa með þá síðustu var það nokkuð?“ sagði Lísaloppa. Kata hugsaði sig um smá stund. „Allt í lagi,“ tilkynnti hún stundarhátt og það mátti heyra að keppnisskapið var komið í hana. „Upp með ermarnar, við leysum þetta.“

Getur þú leyst þessa eldspýtnaþraut?





Svar: fjórar eldspýtur

## Leikur

Einn er valinn til að vera drottningin (má líka vera kóngur) og er látinn sitja á stól þar sem vítt er til veggja. Hinir koma saman á afmörkuðu svæði og þurfa að taka sameiginlega ákvörðun um hvað þeir hafi aðhafst þann daginn eða hvaða fyrirbæri þeir ætli að leika. Að því búnu fara þeir á fund drottningar og hún mælir: „Hvað gerðuð þið í dag börnin góð?“ Þá byrja allir að leika með látbragði það sem ákveðið hafði verið. Drottningin reynir þá að giska á hvað verið er að leika.
Ef hún/hann giskar rétt hlaupa börnin af stað og reyna að komast inn á svæðið sem afmarkað var í byrjun. Þeir sem drottningin nær að klukka mega svo aðstoða við að ná hinum en drottningin ein má giska.

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

## Myndin




**ÞESSA MYND** teiknuðu krakkar í barnastarfi Árbæjarkirkju í Reykjavík nú í aðdraganda páska.



**UPPLESARI** „Ég las 44. sálm og það var gaman að lesa hann,“ segir Hekla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ætla að borða yfir mig af súkkulaði

**Hin tólf ára gamla Hekla Marteinsdóttir Kollmar var ein þeirra sem lásu Passíusálmana í Kópavogskirkju í gær, á föstudaginn langa. Hekla hefur gaman af að lesa og á líka mörg fleiri áhugamál.**

**Hvað ertu gömul og í hvaða skóla ertu?** „Ég er 12 ára og er í Kársnesskóla.“

**Hvað kom til að þú tókst þátt í Passíusálmalestri í Kópavogskirkju í gær?** „Ég er með henni Birnu, dóttur Sigga prests, í bekk. Hann heyrði mig lesa upp á bekkjarkvöldi og bað mig svo um að gera þetta.“

**Hvaða sálm lastu?** „Ég las 44. sálm og það var gaman að lesa hann, meðal annars af því að í honum er versið sem allir þekkja: Vertu, Guð faðir, faðir minn.“

**Ferðu oft í kirkju?** „Nei.“

***Hver eru áhugamálin þín?*** „Áhugamálin mín eru að synda, teikna, lesa og spila á fiðlu.“

***Hvaða matur þykir þér bestur?*** „Þessi er svolítið erfið, það er svo margt, lasanja, plokkfiskur, fiskisúpa og margt fleira.“

**Hver er uppáhalds tónlistarmaðurinn?** „Þessi er enn erfiðari ... ætli ég segi ekki bara Bítlarnir ef það má vera hljómsveit.“

**Af hverju er Kollmar eftirnafnið þitt?** „Af því að pabbi minn er þýskur og Kollmar er ættarnafnið hans. Ég er semsagt hálfþýsk.“

**Ætlar þú að gera eitthvað sérstakt um páskana?** „Anna vinkona okkar frá Þýskalandi kemur í heimsókn og við gerum örugglega eitthvað skemmtilegt saman, og svo ætla ég auðvitað að borða yfir mig af súkkulaði!“
















# Gleðilegir páskar á Stöð 2

Dagskráin okkar er svo sannarlega glæsileg um páskana. Hátíðlegir tónleikar, spennu- og grínþættir, stórskemmtilegar kvikmyndir og talsett barnaefni fyrir krakka á öllum aldri.

**Gleðilega páska!**

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# HAFÐU ÞAÐ GOTT
# UM PÁSKANA



### Ferskur íslenskur kalkúnn

Kalkúnninn hefur smám saman verið að ryðja sér til rúms á veisluborðum Íslendinga. Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukaefna.

FERSKUR KALKÚNN
1.699 kr/kg
verð áður 1.899



### Nammiland
50% afsláttur á kassa alla laugardaga.




TILBOÐ
2.799kr/stk
verð áður 3.297

### Freyju egg
Meðan birgðir endast.

NÝTT Í HAGKAUP




### Amino Energy
Lemon lime.




### Valor súkkulaði
Enginn viðbættur sykur.

NÝTT Í HAGKAUP



2.999kr/stk

### Ískrúsin
Hrista, hrista og úr verður mjólkurís, rjómaís eða bragðarefur á aðeins 2 mínútum.

TAKMARKAÐ MAGN




### Tostitos snakk og sósa
Tostitos snakk og sósa fara einstaklega vel saman.

## GRILLKJÖTIÐ ER KOMIÐ Í HAGKAUP




TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

CAJ P. FOLALDAVÖÐVI
1.799 kr/kg
verð áður 2.398




TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KALKÚNA GRILLSNEIÐAR
1.469 kr/kg
verð áður 2.099




TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

LAMBATVÍRIFJUR KRYDDLEGNAR
2.881 kr/kg
verð áður 3.389

Gildir til 21. apríl á meðan birgðir endast.






VALETTE ANDABRINGUR
3.999 kr/kg
verð áður 4.399




Við notum eingöngu sérvalin lambalæri sem eru krydduð með fersku rósmarín, steinselju, timian, söxuðum hvítlauk, sítrónu, chili pipar, salti og olíu. Útkoman er einstök. Hentar hvort sem er í ofninn eða á grillið.

HAGKAUPS VEISLULÆRI
1.819 kr/kg
verð áður 2.598

NÝ SENDING FRÁ ÍTALÍU



**Ítalíu hráskinka í úrvali**



**Franskir ostar**
Frábært úrval af erlendum ostum og ennþá meira úrval af ostum í osta- og sælkeraborði okkar í Kringlunni.



**Tonitto Gelato**
Ekta ítalskur gelato beint frá ítalíu.

## Páskarnir komnir í Hagkaup



**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# KROSSGÁTA

LÁRÉTT

**1.** Rykking er Rán með tískuslys á herðum (9)
**11.** Segir takið þess sem á eignina (12)
**12.** Tvö pund á verði eins og hins sama (9)
**13.** Landareign og leikur tryggir auðæfin (6)
**15.** Lái fuglunum ekki hvik frá eldum (7)
**16.** Trúin á Umhverfisstofnun er mesta haldreipið (9)
**17.** Skolar vaska (6)
**20.** Kíkja eftir spólu fyrir skýli með forhengi (16)
**25.** Fossandi fyrirboði um misheppnaða prófraun (11)
**28.** Nær sól til vatna Norður-heimskauts?
**29.** Tæpi ekki tungu þessi talar neina/orðin spara ekki kann/ekkert virðist skelfa hann (9)
**31.** Krefjast átaka, enda full af því sem til þarf (12)
**32.** Fruma myndar feril hrings ef rétt er raðað (5)
**33.** Reynið að ganga með barn og notið þetta til að kanna árangurinn (12)
**35.** Heiðrið fiskislóð á hafi úti (5)
**38.** Eilífðar leiðindasöngur um sorg (4)
**40.**. Svona á að hrífa mann, félagi (10)
**44.** Man girnin, en ekki í réttri röð (9)
**47.** Hvar ætli ræktarblettur komi niður? (9)
**48.** Veltum stjörnu ítrekað uppúr eigin ljóma (8)
**50.** Renna til ystra (5)
**51.** Potaðist áfram með prikinu? (7)
**52.** Brennur nú dótið hans Bergmanns sem glóandi góðmálmur væri (8)

LÓÐRÉTT

**1.** Kengúra aðstoðar á kassa (7)
**2.** Bið um það sem ég læt í þínar hendur: Baunarétt (7)
**3.** Sker og snýr er útlagi kemur af fjöllum (8)
**4.** Sminka þessa kjaftaska trekk í trekk (8)
**5.** Hygg ég best að heiftug óðar héðan ríði/sitt með beisli, söðul, taum/síður öðru gef ég gaum
**6.** Hef fína frumbyggja sem græða má á (9)
**7.** Sæhjólhestur gefur orku (9)
**8.** Hugsandi með þel og tog á heilanum (7)
**9.** Gaf þeim órólegu að borða úr opnu eldhúsi (6)
**10.** Sá staki frá Norðausturlandi kom með þá sígrænu (6)
**14.** Má kjaftur vingast við svanga á Facebook? (6)
**18.** Lesum í framvindu hjá hjartastillandi (9)
**19.** Deilan um drusluna (9)
**21.** Naut lappa og lausna (6)
**22.** Mín er lántakan þrátt fyrir barning (6)
**23.** Heyra má hold kliða er eldamennska fer fram (8)
**24.** Fýsir í fjöruga sem neita að leysast upp (8)
**25.** Faldi burðaról og bæklaða bullu (8)
**26.** Flatmagaði ofurölvi en alveg stilltur (8)
**27.** Flottur í kjól, karlinn (8)
**30.** Merki nokkur í gamanleikjum (6)
**31.** Flóð af blóði kostar mar (9)
**34.** Þá voru borðuð boli og bjalla (7)
**36.** Tók ófá köst (7)
**37.** Spurðu Tinnu þótt hún sé rugluð (5)
**39.** Skikka skelfileg skipalægi (6)
**41.** Raula meðan ég rölti þetta (5)
**42.** Er þessi í viðskiptum í Baulunni? (5)
**43.** Þessi túr er eitthvað til að byggja á (5)
**45.** Um skála og skjalfest skil á honum (5)
**46.** Mæli félaga (4)
**49.** Finn melflugu í þéttbýli (3)





Lausnarorð síðustu viku var
**B A N A N A L Ý Ð V E L D I**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Sigrún og Friðgeir eftir Sigrúnu Pálsdóttur frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Einar Sigtryggsson, Akureyri.**



## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist hreint dýrleg maskína. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. apríl næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „19. apríl“.




PÁSKAEGGJALEIKUR Í FÁKASELI

Dagskráin byrjar kl. 13:00 í dag.

Sveppi og Gói verða á staðnum og halda uppi fjörinu!

- Húllahoppkeppni
- Andlitsmálning fyrir krakka
- Heimsóknir í hesthúsið

Páskatilboð Hestaleikhússins
Aðeins 2.500 kr. inn á sýningar kl. 15:00 og 19:00 þann 19. apríl. Frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

THE ICELANDIC HORSE PARK FÁKASEL
fakasel.is | fakasel@fakasel.is | s. 483 5050



## FRÓÐLEIKURINN PUG-HUNDAR

Uppruni Pug-hunda er ekki vel þekktur, en þó er vitað að þeir eiga uppruna sinn að rekja til Asíu og flestir eru einnig sammála um það að þeir komi frá Kína. Hvenær þeir urðu fyrst til eru engin haldbær gögn til um, en þó er vitað að Pug-hundar í þeirri mynd sem við þekkjum þá, voru fyrst sýndir á hundasýningu í Englandi árið 1861.

Pug-hundar eru upp til hópa kelnir, hreinlátir, barngóðir, slefa ekki og lyndir vel við aðra hunda og gæludýr. Þeir eru frekar litlir, en vöðvastæltir. Skottið er snúðslaga, hausinn breiður og djúpar hrukkur eru á enni. Augu Pug-hunda eru stór og kringlótt, útstæð og gljáandi. Feldurinn er þéttur en hárin stutt. Trýnið er flatt og svart.

Pug-hundar þurfa ekki mikla hreyfingu, en einhverja þó því þeir eiga á hættu að fitna og missa heilsu ef hreyfingin er ekki nægileg. Þeir eru duglegir að hreyfa sig sjálfir, hafi þeir girtan garð til umráða og ekki skemmir fyrir ef þeir eru fleiri en einn, því þeir eru félagslyndir og finnst fátt skemmtilegra en að ærslast með öðrum hundum. Þó þarf að sníða þeim stakk eftir vexti, því að flatt trýni hundanna gerir það að verkum að þeir hafa nánast enga stjórn á hitakerfi líkamans – þannig eiga þeir á hættu á að ofhitna og hugsanlega getur liðið yfir þá, ef of heitt er í veðri. Að sama skapi er sniðugt að hafa göngutúra stutta á veturna, því að Pug-hundar eiga það til að fá lungnabólgu í of miklum kulda.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# NÝTT KORTATÍMABIL

# GLEÐILEGA PÁSKA



**AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS**
**UM PÁSKAHELGINA**

| | | |
|---|---|---|
| LAUGARD. | **19.apríl** | **10:00-19:00** |
| *SUNNUDAGUR 20 apríl LOKAÐ* | | |
| MÁNUD. | **21.apríl** | **12:00-18:00** |

## OPIÐ Í DAG **LAUGARDAG**

## 10:00-19:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL VISA



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GEIRS ÞORSTEINSSONAR**
**húsasmíðameistara.**

**Eygerður Bjarnadóttir**
**Þorsteinn Geirsson** **Ragnheiður Gunnarsdóttir**
**Örn Geirsson** **Steinunn Hreinsdóttir**
**Kristín Sigríður Geirsdóttir** **Ársæll Þorleifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra

**RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR**
**frá Skörðum,**
**til heimilis að Óðinsgötu 32b í Reykjavík,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 10. apríl. Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þann 22. apríl kl. 13.00.

**Sigurður B. Markússon**
**og aðstandendur hinna látnu.**



✝

Elsku hjartans sonur okkar, bróðir og faðir,

**ÓTTAR ÖRN VILHJÁLMSSON**
**Reynigrund 9, Akranesi,**

lést föstudaginn 11. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 23. apríl kl. 14.00. Þökkum öllum þann gríðarlega hlýhug og stuðning sem fjölskyldunni hefur verið sýndur á þessum erfiðu tímum.

**Vilhjálmur Birgisson** **Þórhildur Þórisdóttir**
**Allan F. Vilhjálmsson, Hafþór Æ. Vilhjálmsson,**
**Vilhjálmur R. Vilhjálmsson, Þórir Gunnar Jónasson,**
**Róbert Óttarsson, Bríet Óttarsdóttir.**



✝

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**STEINUNNAR ÞÓRLEIFSDÓTTUR**
**Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,**
**frá Efri-Hólum, Núpasveit.**

Einnig sendum við kærar kveðjur öllum þeim sem geyma í hugskoti sínu ljúfar minningar um hana. Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar og D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir góða umönnun.

**Hulda Bjarnadóttir** **Jóhann Geirdal**
**Guðjón Þórhallsson** **Guðveig Sigurðardóttir**
**Lárus B. Þórhallsson** **Hrönn Gestsdóttir**
**Magnea Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Davíð útfararstjóri
Óli Pétur útfararstjóri
Jóhanna Erla guðfræðingur útfararþjónusta
ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • udo.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is


ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





**ÞETTA GERÐIST:** 19. APRÍL 1975

## Gróskumikill siglingaklúbbur settur á fót

Siglingaklúbburinn Þytur var stofnaður þennan mánaðardag árið 1975 af hafnfirskum áhugamönnum um siglingar og er í eigu félaga í klúbbnum. Aðdragandinn að stofnun klúbbsins var sá að árið 1971 hafði sjóskátaklúbbur á vegum skátafélagsins Hraunbúa tekið til starfa, auk þess sem æskulýðsráð Hafnarfjarðar stofnaði siglingaklúbb fyrir unglinga á sama tíma. Þessir klúbbar urðu síðan uppistaðan í Siglingaklúbbnum Þyt sem starfar í dag sem alhliða siglingaklúbbur fyrir alla aldurshópa. Fyrsta sumar klúbbsins fór starfsemi fram við slæmar aðstæður í Hafnarfjarðarhöfn en að ósk bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og Garðabæ var komið upp sameiginlegri aðstöðu fyrir Þyt og Siglingaklúbbinn Vog í Garðabæ. Sú aðstaða var sett upp í Arnarvogi og snerist starfsemi fyrstu árin að mestu leyti um framkvæmdir í Arnarvogi og lögðu klúbbfélagar fram mikla vinnu við bátasmíðar og viðgerðir á bátum. Þau sumur sem Þytur starfaði í Arnarvogi var haldið uppi öflugu barnastarfi bæði fyrir félagsmenn og æskulýðshópa. Einnig var efnt til siglingasýninga sem vöktu mikla lukku meðal bæjarbúa. Á 20 ára afmæli félagsins árið 1995 fékk félagið vilyrði frá bæjaryfirvöldum um lóð sunnan við Drafnarslipp og hófust framkvæmdir þar vorið 1998. Þar var byggt 350 fermetra húsnæði sem gegnir bæði hlutverki bátaskýlis og félagsaðstöðu.



**UNGUR SJÓMAÐUR** Ungmennanámskeið Þyts eru vel sótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alnafnar heiðraðir í Kjós

**Menningarminjar sem varðveittar hafa verið um leikstarf Kjósverja verða til sýnis í dag í Kjós. Meðal annars verða skoðuð áhrif Lofts Guðmundssonar og alnafna hans á leikstarfið.**

Í dag klukkan þrjú verður opnuð sýning í Ásgarði í Kjós sem nefnist einfaldlega Leiklist í Kjós. Á sýningunni er fjallað um Loft Guðmundsson rithöfund og alnafna hans sem starfaði sem ljósmyndari. Listamennirnir voru báðir fæddir í Kjós og komu mikið að leiklist og kvikmyndagerð.

„Þeir tengjast báðir kvikmyndasögunni en rithöfundurinn Loftur samdi leikritið Hreppstjórinn á Hraunhamri, sem varð í kjölfarið fyrsta verkefni Leikklúbbs Kjósverja," segir Ólafur J. Engilbertsson, menningarmiðlari Sögumiðlunar sem setur upp sýninguna. „Leikklúbburinn var stofnaður árið 1978, sama ár og rithöfundurinn lést, en það verður meðal annars fjallað um uppfærslu þess leikrits á sýningunni." Ásamt Sögumiðlun koma fjölmargir aðilar að sýningunni, meðal annars Kjósarhreppur, Kjósarstofa, Kvikmyndasafn Íslands og Leikminjasafn Íslands en það er Sigþrúður Jóhannesdóttir sem átti hugmyndina að sýningunni. „Hún var formaður Leikklúbbs Kjósverja og hefur varðveitt ljósmyndir og gögn frá starfi leikklúbbsins," segir Ólafur en klúbburinn starfaði frá árinu 1978 til ársins 1984. „Það var síðan í samstarfi við Kjósarhrepp sem við ákváðum að setja sýninguna upp í því formi að tengja þessa tvo menn við verkefnið," segir Ólafur. „Þeir voru báðir frumkvöðlar í leikstarfi að vissu leyti og þó þeir hafi ekki verið búsettir mikið í Kjós þá höfðu þeir mikil áhrif á leikstarfið hér." Í tilefni af opnuninni verður sýnd kvikmyndin Síðasti bærinn í dalnum sem Óskar Gíslason gerði eftir kvikmyndasögu Lofts Guðmundssonar rithöfundar og Þorleifs Þorleifssonar.



**ÁHRIFAMIKILL RITHÖFUNDUR** Loftur Guðmundsson hafði mikil áhrif á leikstarfið í Kjós en hann skrifaði meðal annars leikverkið Hreppstjórinn á Hraunhamri.

## MERKISATBURÐIR

**1689** - Amalíuborg í Kaupmannahöfn brann eftir óperusýningu. 170 manns fórust í brunanum.

**1770** - Brúðkaup Loðvíks 16. Frakkakonungs og Marie Antoinette í Vínarborg.

**1770** - James Cook skipstjóri sá strönd Ástralíu.

**1887** - Landsbanki Íslands var sameinaður Sparisjóði Reykjavíkur.

**1923** - Alþýðubókasafn Reykjavíkur, sem síðar var nefnt Borgarbókasafn Reykjavíkur, tók til starfa.

**1954** - Fermingarbörn í Akureyrarkirkju voru klædd hvítum kyrtlum sem var nýjung á Íslandi.

**1956** - **Rainier III, fursti af Mónakó, giftist bandarísku leikkonunni Grace Kelly.**

**1971** - Charles Manson var dæmdur til dauða fyrir hlutdeild í morðinu á Sharon Tate.





✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN B. EINARSSON**
**(SILLI)**
**frá Vogum,**

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 15. apríl sl. Útför hans fer fram frá Kálfatjarnarkirkju miðvikudaginn 23. apríl kl. 15.00.

**Þórdís A. Sigurjónsdóttir**
**Hrefna Kristjánsdóttir** **Magnús Hafsteinsson**
**Kristín Þóra Kristjánsdóttir**
**Einar Birgir Kristjánsson** **Árný Eiríksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**GUÐBRANDUR JÓN HERBERTSSON**
**frá Lækjarbakka, Tálknafirði,**

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. apríl kl. 13. Blóm og kransar afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Tálkna á Tálknafirði.

**Olga Herbertsdóttir** **Ásgeir Kristinsson**
**Sævar Herbertsson** **Dagný Bjarkadóttir**
**Einar Herbertsson** **Freyja Benediktsdóttir**
**Ómar Herbertsson** **Margrét Hermannsdóttir**
**og systkinabörn.**




Þjóðleikhúsið frumsýnir nýtt leikrit um persónurnar í Latabæ í haust!

Við leitum að ungri stúlku á aldrinum 14-20 ára til að leika hlutverk Sollu stirðu.

Hún verður að vera gædd miklum söng-, dans- og leikhæfileikum.

Æfingar hefjast í vor og frumsýnt verður í september.

Áhugasamar stúlkur sendi ferilskrá með mynd á **prufur@leikhusid.is**

Þær stúlkur sem koma til álita fyrir hlutverkið verða boðaðar í prufur 28. og 29. apríl kl. 12-18.

LAZY TOWN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



2 | KL. 21:30
**The Great Gatsby**
Stórmynd með Leonardo DiCaprio og Tobey Maguire í aðalhlutverkum.

# Stórbrotinn Páskadagur

2 | KL. 18:50
**Hátíðartónleikar Eimskips**
Hátíðartónleikar sem haldnir voru í tilefni af 100 ára afmæli Eimskipafélags Íslands.



2 | KL. 19:55
**Mr. Selfridge**
Dramaþættir um auðmanninn Harry Selfridge leikinn af Jeremy Piven.



2 | KL. 20:45
**The Following**
Önnur þáttaröðin af þessum magnaða spennutrylli með Kevin Bacon í aðalhlutverki.



2 | KL. 23:50
**Django Unchained**
Frábær kvikmynd sem Quentin Tarantino leikstýrir með Jamie Foxx, Christoph Waltz, Leonardo DiCaprio og Samuel L. Jackson.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**Behind The Candelabra**
Stórbrotin mynd með Michael Douglas og Matt Damon í aðalhlutverkum.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 1 | 6 | | 9 | |
| | | | | | | 3 | | |
| | 1 | 4 | | 8 | | | | 6 |
| 9 | | | | | | 5 | | 8 |
| 4 | 6 | 7 | 8 | | | | | 2 |
| | 3 | 8 | 9 | | | 7 | | |
| 6 | | | | | | | 2 | |
| | 5 | | | 4 | 3 | 6 | 7 | |
| | 7 | 9 | | 2 | | 8 | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | 6 | | | 1 |
| 5 | | 9 | 2 | | | | 3 | 7 |
| | 2 | | 5 | | | | | |
| 6 | | | | | | 1 | 2 | |
| | | | 6 | | 3 | | 7 | 8 |
| | 3 | 1 | | | | 4 | | |
| | 4 | | 3 | 2 | | 9 | | |
| | | 6 | | | | | | |
| 9 | | | 8 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | | 2 | 7 | |
| | | | | | 5 | 8 | | |
| | 8 | 1 | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | 8 | 7 | 5 | 2 | | | |
| | 9 | | 8 | | | | | |
| 4 | | | | | 3 | | | 7 |
| | | 6 | | | 1 | | | 5 |
| 1 | 5 | | | | | | 6 | 3 |
| 9 | | 7 | | | | | 2 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 1 | 8 | 9 | 2 | 6 | 7 | 3 | 4 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 4 | 1 | 2 | 7 | 8 |
| 2 | 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 4 | 5 | 2 | 9 | 7 | 8 | 3 |
| 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 9 | 6 | 5 | 7 | 1 | 8 | 4 | 3 | 2 |
| 8 | 4 | 1 | 6 | 3 | 2 | 5 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 4 | 1 | 9 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 4 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 1 | 7 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 9 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 1 | 9 | 5 | 3 | 7 |
| 6 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 4 | 6 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 | 3 |
| 2 | 8 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 2 | 3 | 8 | 1 | 9 | 6 | 5 | 4 | 7 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 3 |
| 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 4 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ekki dvelja í fortíðinni, ekki dreyma um framtíðina, einbeitið ykkur að líðandi stundu.“**

*Búdda*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** eftir hádegi, **8.** gogg, **9.** meðvitundarleysi, **11.** Í röð, **12.** gengi, **14.** rófa, **16.** drykkur, **17.** knæpa, **18.** stæla, **20.** pfn., **21.** mála.

**LÓÐRÉTT**
**1.** iðja, **3.** Utan, **4.** ávaxtatré, **5.** þakbrún, **7.** holdýr, **10.** tæfa, **13.** í hálsi, **15.** Rótartauga, **16.** samræða, **19.** ólæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** eh, **8.** nef, **9.** rot, **11.** rs, **12.** klíku, **14.** skott, **16.** te, **17.** krá, **18.** apa, **20.** ég, **21.** líta.
**LÓÐRÉTT: 1.** verk, **3.** án, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** holsepi, **10.** tík, **13.** kok, **15.** tága, **16.** tal, **19.** at.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Magnús Pálmi Örnólfsson (2.156) vann Sverri Örn Björnsson (2.126) í þriðju umferð b-flokks Wow air Vormóts TR.**
**Hvítur á leik:**



**26. Hxe4!** (Laglegur peðsvinningur sem tryggir jafnframt auðunnið tafl) **26. ...fxe4 27. Dxd7 e3 28. f5 Df7 29. Dxf7+ Kxf7 30. Bc5 Rd6 31. Bxd6 cxd6 32. Kf1** og hvítur nýtti yfirburði sína til sigurs.
**www.skak.is:** Mót í Aserbaídsjan þar sem Magnus Carlsen teflir hefst á morgun.

# PÁSKASTEIKIN

*Í Iceland færðu allt sem þú þarft fyrir páskahátíðina*

**OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA**

**LAUGARDAGUR:** Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi og Engihjalla.
**PÁSKADAGUR: OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í VESTURBERGI.** Opnum á miðnætti í Engihjalla.
**ANNAR Í PÁSKUM:** Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi og Engihjalla.



**1698** kr. kg.
**LAMBAHRYGGUR FRÁ FJALLALAMBI**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

PIPAR\TBWA • SÍA • 141160

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 148 | 278 | 998 | 1998 | 2998 kr. kg. | 3398 kr. kg. |
| Ora grænar baunir 420 g | Ora rauðkál 580 g | Coca Cola 4x2 l | Baileys-kaka, 1200 g | Ameriskt kalkúnaskip frá Ísfugli | Kalkúnabringa frá Ísfugli |

**OPIÐ 24 TÍMA**

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í VESTURBERGI UM PÁSKANA**

**Iceland**



**Tækniver 512 5100** | Opið 10–20 virka daga og 12–20 um helgar
**Þjónustuver 512 5100** | Opið 9–22 virka daga og 10–22 um helgar

365 Ljóshraði

# Internet á ljóshraða




100 Mb/s

10 GB GAGNAMAGN

3.490 kr.

Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Við bjóðum upp á internet á ljóshraða til 80 þúsund heimila. Það er einfalt að athuga hvort þitt heimili er tengt, á 365.is geturðu séð hvort þú kemst á ljóshraða.

Internet og heimasími fylgir áskrift að Skemmtipakkanum, Golfstöðinni, Fjölvarpi Veröld, Sportpakkanum, Stóra Pakkanum og Risapakkanum.

**Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar og panta tengingu á 365.is eða með símtali í þjónustu- og tækniver 365. Svo tökum við vel á móti þér í verslun okkar í Skaftahlíð 24.**

**0 KR.**

**LJÓSHRAÐI FYLGIR MEÐ VÖLDUM SJÓNVARPS-ÁSKRIFTUM**

365.IS

# LAUGARDAGUR
## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**19. APRÍL 2014**

### Tónleikar

**20.00** SkonRokk-hópurinn heldur 80's glysrokkveislu í Hörpu. Meðal listamanna eru Magni, Eyþór Ingi, Biggi Haralds og Pétur Guðmundsson ásamt hljómsveitinni Tyrkja Guddu. Miða er hægt að nálgast á heimasíðu miði.is og kostar hann 6.900 krónur.

**21.00** Anna Mjöll Ólafsdóttir djazzsöngkona mun flytja lög sem þekkt eru í flutningi Ellu Fitzgerald, Astrud Gilberto, Billie Holiday og fleiri. Miða er hægt að nálgast á vefsíðu miði.is og kostar miðinn 3000 krónur.

**21.00** Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns mun koma fram á Hvíta Húsinu á Selfossi. Miða er hægt að nálgast í Gallerí Ózone og Barón. Miðaverð er 2.500 krónur.

**22.00** DJ Sammi sérhæfir sig í tónlistarstefnum á borð við funk, afrobeat, soul og samba latin. Plötusnúðurinn kemur fram á Kaffibarnum og er frítt inn.

### Uppákomur

**23.00** Björgvin Ploder, Magnús Einarsson og Tómas Tómasson skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Leikrit

**20.00** Gullna hliðið er eitt af þekktustu og vinsælustu leikritum sem skrifuð hafa verið á Íslandi. Það verður sýnt í Samkomuhúsinu á Akureyri og leikstjóri er Egill Heiðar Anton Pálsson. Miða er hægt að nálgast á heimasíðu miði.is og kostar hann 4.400 krónur.

### Ljósmyndasýningar

**14.00** Sigríður Ella Frímannsdóttir og Þórarinn Örn Egilsson opna ljósmyndasýninguna Thoella í galleríinu Populus tremula á Akureyri. Sýnd verða þrjú ljósmyndaverk.

### Uppistand

**20.00** Grínistinn Jeff Dunham kemur fram í Hörpu með splunkunýtt efni. Miða er hægt að nálgast á heimasíðu miði.is

### Tónlist

**22.00** Partísveitin SYKUR verður með tónleika á Dillon, Laugavegi 30, í boði Thule bjórs. 500 krónur inn.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



**GÓÐHJARTAÐIR NEMENDUR** Nemendur í Háskólanum í Reykjavík safna fyrir Reykjadal. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Sprettur og handbolti í hjólastólum

**Nemendur í verkefnisstjórnun í Háskólanum í Reykjavík efna til fjáröflunar á sumardaginn fyrsta fyrir Reykjadal, sumarbúðir fyrir fötluð börn og ungmenni. „Gefandi og skemmtilegt verkefni," segir Áslaug Ármannsdóttir.**

„Það er búið að vera mjög gefandi og skemmtilegt verkefni að skipuleggja þetta," segir Áslaug Ármannsdóttir en hún stendur að fjáröflunarviðburði í Laugardagshöll fimmtudaginn 24. apríl á milli 13 og 17. Allur ágóði viðburðarins rennur óskertur til Reykjadals en það eru sumarbúðir fyrir fötluð börn og ungmenni. „Við erum nemendur í mastersnámi í verkefnisstjórnun í Háskólanum í Reykjavík og hluti námsins er að gera verkefni sem hefur samfélagslega skírskotun," segir Áslaug en ásamt henni standa að viðburðinum þau Torfi Dan Sævarsson, Sigurður T. Valgeirsson, Gísli Rúnar Guðmundsson, Hafdís Huld Björnsdóttir og Rebekka Helga Aðalsteinsdóttir. „Þetta er keppni sem fyrirtæki geta skráð sig í en keppt verður í tveimur íþróttagreinum," segir Áslaug. „Annars vegar hjólastólaspretti og hins vegar hjólastólahandbolta."

Áslaug ítrekar að öllum sé velkomið að koma. „Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verður kynnir og Adolf Ingi og Sigurbjörn Árni verða lýsendur íþróttagreinanna,' segir Áslaug. „Solla Stirða verður einnig á staðnum ásamt Hvata hvolpi og síðan verður eitthvað af starfsfólki Reykjadals með stöðvar þannig að hægt verður að fá andlitsmálningu eða jafnvel að prófa að vera í hjólastól."

Viðburðurinn er unninn í samstarfi við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra en félagið rekur sumarbúðirnar í Reykjadal. Fyrirtæki geta skráð sig með því að senda tölvupóst á netfangið hvati@slf.is en einnig er hægt að styrkja starfsemina með því að hringja í eftirfarandi símanúmer: 902-0010 fyrir eitt þúsund krónur, 902-0030 fyrir þrjú þúsund krónur og 902-0050 eru fimm þúsund krónur. **-bþ**

## EKKI MISSA AF ...

### ... Páskaeggjaleit í Fákaseli

**HVAR?** INGÓLFSHVOLL, 816 ÖLFUS HVERAGERÐI
**HVENÆR?** LAUGARDAGINN 19. APRÍL KLUKKAN 13.00



Sveppi og Gói stjórna dagskránni í Fákaseli og verður boðið upp á páskaeggjaleit, húlahopp, andlitsmálningu, heimsókn í hesthúsið og hestaleikhús. Aukasýning verður í hestaleikhúsinu klukkan 15.00 á páskatilboði, 2.500 kr. og frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum.

## LEIKHÚSGAGNRÝNI

★★☆☆☆

### Útundan

**Háaloftið í samstarfi við Tjarnarbíó.**



„Vel leikin sýning sem gaman hefði verið að sjá í tilraunakenndari búningi."

**EVA GUÐRÚN GUNNBJÖRNSDÓTTIR**

## ANNA MJÖLL SYNGUR

### Djass á Akureyri

**HVAR?** GRÆNI HATTURINN, AKUREYRI
**HVENÆR?** PÁSKASUNNUDAG KLUKKAN 21.00

Djasssöngkonan Anna Mjöll Ólafsdóttir flytur meðal annars lög sem þekkt eru í flutningi Astrud Gilberto, Ellu Fitzgerald, Söruh Vaughan, Billie Holiday og Marilyn Monroe. Þá mun Anna Mjöll bjóða uppá skemmtisögu á milli atriða



# HEIMAGERÐ PÁSKAEGG

Solla í Gló gerir sín páskaegg með „fairtrade“-vottuðu súkkulaði. Hún skemmtir sér með dætrum sínum að finna góða málshætti í eggin.

„Ég og dætur mínar höfum lengi haft þann sið að föndra saman súkkulaðiegg fyrir páskana. Þetta finnst okkur voða hugguleg samverustund og ekki skemmir fyrir að fá að ráða innihaldi eggjanna alveg sjálfar. Við notum alltaf lífrænt súkkulaði, eða búum til okkar eigið úr góðu lífrænu hráefni. Svo skemmtum við okkur konunglega við að finna góða málshætti (stundum heimagerða!) til að lauma inn í eggin,“ segir Sólveig Eiríksdóttir, betur þekkt sem Solla á Gló.

„Í ár ákváðum við að nota lífræna súkkulaðið frá Himneskt, það hefur fairtrade-vottun og samviskan því einstaklega góð.“

**Þetta finnst okkur voða hugguleg samverustund og ekki skemmir fyrir að fá að ráða innihaldi eggjanna alveg sjálfar.**

*Sólveig Eiríksdóttir*

### Heimagerð súkkulaðipáskaegg

Fyrir þá sem vilja dökkt egg mæli ég með 71% súkkulaði, en það kemur líka vel út að blanda saman mjólkursúkkulaði og dökku til þess að fá millidökk súkkulaðiegg fyrir krakkana. Annars er líka gaman að útbúa sitt eigið súkkulaði, sjá uppskrift fyrir neðan.

**Aðferð:** Byrjið á því að bræða súkkulaðið rólega yfir vatnsbaði við vægan hita. Mikilvægt er að passa að hita varlega, bara rétt nóg til að súkkulaðið bráðni, en hitni ekki um of. Þeir sem eiga hitamæli geta notað hann og miða þá við 42°C, en ég hef reyndar ekki nennt að stressa mig á því.

Takið páskaeggjaform og látið nokkrar skeiðar af súkkulaðinu í formið, hallið forminu fram og tilbaka þannig að súkkulaðið renni um formið og þeki það. Setjið bökunarpappír á plötu og snúið formunum á hvolf á plötuna og látið súkkulaðið storkna. Þetta tekur um 5 mínútur, en þið getið flýtt fyrir með því að setja formin inn í frysti/kæli. Endurtakið tvisvar til fimm sinnum – fer allt eftir því hve vel ykkur tekst upp við að þekja formin og hve þykk súkkulaðiskelin er orðin.

Þegar skeljarnar eru tilbúnar er um að gera að setja málshátt og fleira spennandi inn í eggið. (Okkur finnst sem dæmi gott að setja hnetur og rúsínur, passar svo vel með súkkulaðinu). Egginu er lokað með því að nota fljótandi súkkulaði sem lím, því er smurt á kantinn á annarri skelinni og síðan er eggið límt saman. Þar næst setjið þið smá súkkulaðilím á fótinn og límið eggið á hann. Til að laga kantana setjið þið súkkulaði í sprautupoka og sprautið því allan hringinn. Svo má skreyta með sælgæti eða pallíettum og öllu þar á milli. Að lokum er unginn festur á og eggið er tilbúið.

### Einföld súkkulaðiuppskrift

½ dl kaldpressuð kókosolía
½ dl kakósmjör
1 dl 100% hreint kakóduft
½ dl kókospálmasykur eða önnur sæta (eða „sykurlaus“ sæta)
smá sjávarsalt og nokkur korn cayenne-pipar ef vill

- Til að kókosolían verði fljótandi: látið heitt vatn renna á kókosolíukrukkuna eða setjið krukkuna í skál með um 50°C vatni.
- Til að kakósmjörið verði fljótandi: setjið pokann í um 40°C heitt vatn eða bræðið yfir vatnsbaði.

Blandið öllu saman í skál, nú eruð þið komin með fljótandi súkkulaði og getið fylgt leiðbeiningunum að ofan til að útbúa páskaegg.




**FÖNDRA ALLTAF SÚKKULAÐIEGG** Solla á Gló og dætur hennar hafa páskaeggjagerð fyrir sið um hátíðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vildi ekki þrælgóð páskaegg og bjó því til sín eigin



„Ég er að prófa að búa til eigið páskaegg í fyrsta sinn í ár og mér til mikillar furðu, þá heppnaðist það frekar vel,“ segir Kristín Soffía Jónsdóttir.

„Ég man eftir umræðunni í fyrra sem var á þá leið að ef súkkulaði væri ekki „fairtrade“-vottað væri engin trygging fyrir því að kakóbaunir væru ekki týndar af þrælum og börnum og fórnarlömbum mansals,“ segir hún og bætir við að hún vilji ekki þrælgóð páskaegg. „Og þó ég sé ekki beint að bjarga heiminum með þessu þá lætur það mér samt líða aðeins betur. Mér fannst líka bara gaman að prófa þetta og þetta var auðveldara en ég hélt og ég ætla að sjálfsögðu í páskaeggjagerð aftur að ári.“






SMÁRABÍÓ — 5%

| | | |
|---|---|---|
| RIO 2 2D / 3D ÍSL. TAL | KL. 1 - 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2 3D ENS. TAL (ÓTEXTAÐ) | KL. 5.45 - 8 | L |
| OCULUS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| HARRÝ OG HEIMIR LÚXUS | KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 8 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 1 | L |
| RIDE ALONG | KL. 10.15 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODÝS 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — 5%

| | | |
|---|---|---|
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| OCULUS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| NYMPHOMANIAC PART 2 | KL. 8 | 16 |
| HEILD | KL. 6 | L |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| A HAUNTED HOUSE 2 | 8, 10 | 14 |
| RIO 2 3D | 1:40, 3:50 | L |
| RIO 2 2D | 2, 5 | L |
| HARRY OG HEIMIR | 6, 8, 10:45 | 7 |
| MONICA Z | 3:30, 5:45 | 7 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | 8, 10 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 2D | 1:40 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10 - 10:50 | 12 |
| DIVERGENT VIP | KL. 2 - 5 - 8 | |
| RÍÓ 2 ÍSL TAL | KL. 3D: 12:50 - 3 2D: 12:50 - 2 - 3 - 4:10 - 5:40 | L |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 5:10 - 8 - 10:45 2D: 10:20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 VIP 2D | KL. 10:50 | |
| NOAH | KL. 3 - 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 7:10 | 12 |
| NON STOP | KL. 8 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:10 | L |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D | KL. 1 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 10 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 | 12 |
| RÍÓ ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 3:20 - 8 | L |
| HNETURÁNIÐ ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 2 - 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 7:40 - 10:30 2D: 2 - 4:50 | 12 |
| RÍÓ 2 ÍSL TAL | KL. 3D: 2:30 - 4:50 2D: 1:10 - 3:20 - 5:30 | L |
| NOAH | KL. 7:40 - 10:30 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 7:40 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 3 - 6 - 9 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 3 - 6 - 9 | 12 |
| NOAH | KL. 9 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 6 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENS TAL 2D | KL. 3 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 5:10 - 10:45 2D: 8 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D | KL. 2:50 | L |
| MUPPETS MOST WANTED ENS TAL 2D | KL. 2:50 | L |

# <3 Beggi í Sóldögg

BAKPANKAR
Snærós Sindradóttir



**ÁRIÐ** 1999 fékk ég, sjö ára gömul, að fara á barnaball með Sóldögg í Sjallanum á Akureyri. Þetta var í fyrsta og eina skiptið sem ég kom inn á Sjallann og spennan var mikil því útvarpi og dagblöðum hafði tekist að stimpla það inn í huga barnsins að Sjallinn væri goðsagnakenndur staður. Mekka íslenskrar stuðmenningar. Ég fór í fylgd barnapíu sem ég man ómögulega hvað heitir. Ég man heldur ekki hvað hún var gömul en hún var yngri en mamma og eldri en ég og það var nóg til þess að ég leit upp til hennar.

**MÉR** leiddust tónleikarnir. Sóldögg hafði ekki enn gefið út lagið Svört sól sem átti eftir að verða einkennislag sumarsins sem ég varð ellefu ára og er besta lag sveitarinnar til þessa. Bergsveinn Arilíusson söngvari var frekar mikið nobody í mínum huga og upplifunin var öll frekar klén. Sjallinn reyndist dimmur og leiðinlegur staður með óspennandi sjoppu og lélegu fatahengi.

**ÞEGAR** komið var heim í kommúnuna sem við bjuggum í á Helgamagrastræti lýsti barnapían því fyrir mömmu hvernig Beggi hefði ítrekað horft djúpt í augu hennar meðan á tónleikunum stóð (hún var jú höfðinu hærri en öll börnin í salnum) og að hann væri kynþokkafullur bangsi. Það var nóg til að snúa augnablikinu á hvolf. Bergsveinn Arilíusson var guð.

**ÉG** hef aldrei náð að hrista af mér Begga í Sóldögg. Hjartað í mér tekur kipp þegar hann á comeback í ljósvakamiðlunum. Ég fylltist djúpstæðum vonbrigðum þegar hann gaf út sólóplötuna September, árið 2005, því hún var leiðinleg. Ég íhugaði að kaupa mér miða á þjóðhátíð í Eyjum þegar fréttist að hann myndi koma þar fram.

**ÉG** hef tekið í höndina á bestu fótboltamönnum Englands, hitt fræga Hollywoodleikara og notað einkavask Micks Jagger án þess að svitna á efri vörinni. En ef það kemur að því að hitta Begga í Sóldögg mun ég verða sjö ára aftur og titrandi röddu segja feimnislega: *Má ég fá eiginhandaráritun?*

# Saman í tónleikaferðalag í sumar

## Beyoncé og Jay Z halda tuttugu tónleika saman í Bandaríkjunum.

Stjörnuparið Beyoncé og Jay Z ætla að fara í tónleikaferðalag saman í sumar. Til stendur að þau haldi tuttugu tónleika víðs vegar um Bandaríkin en tónleikaferðalagið hefst í júní. Samkvæmt heimildum tímaritsins Us Weekly byrja hjónin að æfa sig um miðjan maí. Það er því einnig haldið fram að einir tónleikar verði í New York á þjóðhátíðardag Bandaríkjamanna, 4. júlí.

Þó parið hafið unnið að ýmsum lögum saman, til dæmis Crazy in Love og Drunk in Love verður þetta þeirra fyrsta tónleikaferðalag saman.

Beyoncé og Jay Z vöktu verðskuldaða athygli þegar þau komu saman fram á Grammy-verðlaunahátíðinni fyrir stuttu enda var það atriði sjóðheitt svo vægt sé til orða tekið.

-lkg



**GAMAN SAMAN** Þetta tónleikaferðalag verður eitthvað. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY












# Allt gott í vorverkin

## MÚRBÚÐARVERÐ



**Frábært verð á stál- og plast- þakrennum.**
**Sjá verðlista á www.murbudin.is**

**TILVALIÐ Í GLUGGAÞVOTTINN**



1/2" slanga 15 metra með stút og tengjum

**1.490,-**

**Gluggaþvotta- kústur,** gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun

**2.490.-**

**GOTT ÚRVAL AF TRÖPPUM FYRIR IÐNAÐARMANNINN**



SM-RLG05
Áltrappa 5 þrep, tvöföld

**19.490,-**



HLA-205
Áltrappa 5 þrep, tvöföl

**6.490,-**

4 þrepa **5.490,-**
6 þrepa **7.690,-**



San-SM-RLB01
stubbastækkari

**2.290,-**

einnig 2 þrepa **3.290,-**



CLA-403p
Fjölnota trappa með palli stigi/pallur 4x3 þrep

**15.690,-**



**TVÖFALDUR STIGI**
Stigi SM-LLA218B með reipi 338-550cm

**27.990,-**



LLA-112
Álstigi 12 þrep 3,38 m

**7.890,-**

10 þrepa **6.990,-**

Uppfylla AN:131 staðalinn



LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m

**17.990,-**



Áltrappa 4 þrep

**4.990,-**

Áltrappa 3 þrep **3.990,-**
Áltrappa 5 þrep **6.190,-**



LLA-211
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
3,11-5,34 m

**16.990,-**



SAN-SM-CLE206
Fjölnota pallur/trappa

**19.990,-**

pallur fylgir

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA- VÖRUM**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## Tvenn silfurverðlaun í Halmstad



**FIMLEIKAR** Ísland átti góðu gengi að fagna á Norðurlandamótinu í fimleikum sem lauk í Halmstad í Svíþjóð í gær. Jón Sigurður Gunnarsson, Ármanni, og Norma Dögg Róbertsdóttir unnu bæði til silfurverðlauna á einstökum áhöldum í gær og fylgdu eftir góðum árangri íslenska kvennaliðsins sem vann brons í liðakeppninni í fyrrakvöld.

Jón Sigurður, sem varð þrefaldur Íslandsmeistari á einstökum áhöldum á dögunum, varð í öðru sæti í keppni í hringjum en Norma Dögg varð önnur í stökki. Hún er nýkrýndur Íslandsmeistari í fjölþraut kvenna en stökk er meðal hennar sterkustu greina.

Eyþór Örn Baldursson vann svo brons í flokki unglinga í keppni í hringjum.

## Allir nema einn spá KR-ingum titlinum

**KÖRFUBOLTI** Fréttablaðið fékk sex reynda menn úr Dominos-deild karla til þess að spá um hvernig úrslitaeinvígi KR og Grindavíkur fari en fyrsti leikurinn er í DHL-höllinni í Frostaskjóli klukkan 19.15 í kvöld. Allir leikir úrslitaeinvígisins verða í beinni á Stöð 2 Sport.

KR beið í fjóra daga til að fá að vita um mótherja sína en Grindavík tryggði sér sætið með sigri í oddaleik á móti Njarðvík. Þetta verður þriðja einvígi KR og Grindavíkur um titilinn en KR vann bæði 2000 (3-1) og 2009 (3-2). Grindavík hefur unnið titilinn tvö undanfarin ár en KR vann hann síðast vorið 2011.

Fimm af sex spámönnum eru á því að KR verði meistari, allir nema Örvar Þór Kristjánsson fráfarandi þjálfari ÍR, en fjórir þeirra búast við að úrslitin ráðist í oddaleik eins og þegar Grindavík vann í fyrra. KR er með heimavallarréttinn og það lið hefur unnið titilinn undanfarin þrjú ár og alls fimm sinnum á síðustu sex árum. KR-ingurinn Pavel Ermolinskij fékk þrjú af sex atkvæðum þegar spurt var um hvaða leikmaður verði kosinn bestur í úrslitaseríunni en liðsfélagar hans, Martin Hermannsson og Brynjar Þór Björnsson fengu eitt atkvæði hvor sem og Lewis Clinch hjá Grindavík. -óój



**MIKILVÆGUR** Pavel Ermolinskij verður í stóru hlutverki hjá KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Spámenn Fréttablaðsins í ár:

**EINAR ÁRNI JÓHANNSSON, NJARÐVÍK**
